


Samiðn



FÉLAGSBLAÐ

17. árgangur, 1. tölublað, nóvember 2010

■ Á Ísland
framtíð?

■ Við sem þjóð
verðum að
standa saman

■ 2007-
stemming
í Noregi



Kjaramálin krufin á ráðstefnu Samiðnar



Trésmiðurinn
í Básun tekinn tali

Sauðárkrókur sóttur heim



Græn hugsun í
hársnyrtingu



Vinnustaðaskírteini
komin til að vera

STERKIR Í STÁLINU Í 40 ÁR


- STÁLBITAR
- PLÖTUJÁRN
- PRÓFÍLAR
- ÁL
- RYÐFRÍTT STÁL
- BLIKKPLÖTUR
- PVC PLÖTUR
- POM ÖXLAR



VIÐ BYGGJUM Á TRAUSTUM GRUNNI



SMÍÐAJÁRN
GUÐMUNDUR ARASON EHF
Skútuvoði 4, 104 Reykjavík
Rauðhelli 2, 220 Hafnarfjörður
Sími 568 6844 - ga@ga.is
www.ga.is



Ábyrgðarmaður:

Finnbjörn A.

Hermannsson

Ritstjóri:

Sævar Guðbjörnsson

Umsjónarmaður:

Þorbjörn Guðmundsson

Útgefandi:

Samiðn, Borgartúni 30,

108 Reykjavík

Sími: 535 6000

Ritstjórn:

Finnbjörn A. Hermannsson og

Hilmar Harðarson

Auglýsingar:

Hænisími, sími 55 88 100

Hönnun og umbrot:

Blaðsmiðjan

Prentun:

Oddi

Samiðn,

samband iðnfélaga, er landssamband stéttarfélaga í iðnaði og aðild að sambandinu eiga starfsmenn í bilgreinum, hársnyrtigreinum, málmæknigreinum, byggingargreinum, garðyrkju og skipasmíðum.

Miðstjórn Samiðnar:

Finnbjörn A. Hermannsson,

formaður,

Hilmar Harðarson,

varaformaður,

Hákon Hákonarson, ritari,

Sigurjón Einarsson, gjaldkeri,

Ólafur Magnússon,

Súsanna Vilhjálmstöttir,

Sigurður Freysson,

Georg Óskar Ólafsson,

Rúnar Bogason,

Heimir Kristinsson

Starfsmaður Samiðnar:

Þorbjörn Guðmundsson

Heimasíða:

www.samidn.is

Samiðn – félagsblað

er sent öllum

félagsmönnum Samiðnar

LEIÐARINN:

Á Ísland framtíð?

Í þeirri neikvæðu umræðu sem dynur sífellt á okkur í fjölmiðlum veltir maður því fyrir sér hvort Ísland eigi framtíð fyrir sem sjálfsætt ríki með eigið hagkerfi. Svareð hlýtur að vera já þegar sagan er skoðuð og sá mikli árangur sem Íslendingar náðu á síðustu öld. Lífskjör voru með þeim bestu í heimi fyrir hrun og eru það enn þá. Öllum ætti hins vegar að vera orðið ljóst að margt þarf að endurmeta, taka nýjar ákvarðanir sem kalla á breytingar á mörgum sviðum.

Á Íslandi hefur ójöfnuður farið vaxandi, bilið milli ríkra og fátækra aukist sérstaklega sl. 10-15 ár. Okkur hefur ekki tekist að jafna kjör milli karla og kvenna. Okkur hefur heldur ekki tekist að byggja samfélag sem tryggir öllum börnum jöfn tækifæri. Okkur hefur ekki tekist að tryggja afkomu elli- og örorkulífeyrisþega. Okkur hefur ekki tekist að byggja upp húsnæðiskerfi sem tryggir öllu fólki öruggt og gott húsnæði. Okkur hefur mistekist að útrýma fátækt svo eitthvað sé nefnt.

Þjóðin hefur látið afvegaleiða sig með innstæðulausum lausnum. Henni hefur verið talin trú um að markaðurinn leysi öll vandamál. Frjálshyggjan hafi lausnir sem leiði til þess að allir hafi það betra þegar til lengri tíma er litið. Okkur hefur verið talin trú um að minni samfélagsleg afskipti séu til góðs og að það leiði til sparnaðar og betri þjónustu að fela einkaframtakinu verkefni. En hvert hefur þessi stefna leitt okkur?

Fyrir nokkrum árum voru lífskjör á Íslandi með því besta sem þekktist í heiminum, ríkið var nánast skuldlaust og mikil samfélagsleg uppbygging á flestum sviðum samfélagsins. Nú er öldin önnur, eftir tímabil frjálshyggju og mikils andfélagslegs áróðurs sitjum við uppi með samfélag sem er þjakað af

skuldum og efnahags- og félagslegum vandamálum. Fátæktin er orðin almennari, sýnilegri og dýpri en verið hefur um langt skeið. Mikið atvinnuleysi og fjöldi þeirra sem beiðast fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum um allt land hefur stóraukist. Skuldavandi margra heimila er mjög mikill og fjöldagjaldþrot blasa við fjölmörgum fyrirtækjum.

En hvernig getur það gerst að vel menntuð og upplýst þjóð lætur leiða sig út í slíkt fúafen? Ein af ástæðum þess er að Íslendingar hafa ekki komið sér saman um þau samfélagslegu gildi sem leggja á til grundvallar við stefnumótun og ákvarðanatöku. Við spyrjum okkur alltof sjaldan um áhrif ákvarðana okkar á almannahagsmuni, mannréttindi, virkt lýðræði, jafnrétti, umhverfi, jöfnuð og hversu samfélagslega ábyrgar ákvarðanir okkar eru. Við erum föst í frösum og tökum ákvarðanir út frá þeim en byggjum þær ekki á málefnalegum niðurstöðum.

Þessu verður að breyta, við verðum að tileinka okkur nýja nálgun sem byggir á samfélagslegri ábyrgð þar sem almannahagsmunir eru í fyrirrúmi. Við þurfum að tileinka okkur að horfa til lengri tímabíla og meta gildi ákvarðana með tilliti til þess. Við þurfum að virkja lýðræðið og auka hagsmunaviðnám almennings og stjórnvalda. Við þurfum að skapa sem flestum tækifæri til að hafa áhrif í samfélaginu. Við þurfum að tileinka okkur gegnsæ vinnubrögð þar sem allt er uppi á borðinu. Við þurfum að skapa stjórnvöldum aðhald með því að krefja þau um málefna-rök fyrir öllum sínum ákvörðunum. Við þurfum að setja skýrar reglur um ábyrgð stjórnvalda og hvernig þau eru dregin til ábyrgðar.

Ekkert af þessu gerist nema fram komi skýr krafa frá fólkinu sjálfu, núna er tækifærið þegar við setjum okkur nýja stjórnarskrá.



Við sem þjóð verðum að standa saman

Að undanfögnu hafa aðildarfélag Samiðnar haldið fundi í stjórnnum og trúnaðarráðum auk félagsfunda til að móta hugmyndir að kröfum vegna komandi samninga. Með nesti frá öllum þessum fundum hélt Samiðna ráðstefnu stjórnar- og trúnaðarmanna aðildarfélaganna um miðjan október.

Ráðstefnunni verða gerð góð skil hér í blaðinu svo ég ætla ekki að tíunda niðurstöðurnar að öðru leyti en því að nefna samhljóm fundarmanna varðandi aðferðafræði. Fundarmenn töluðu einum rómi um að ef nást eiga samningar sem halda inni framtíðina og eiga að skila launamönnum ávinningi þarf mjög breiða samstöðu. Fólk vill sjá kaupmáttaraukningu, réttlátara skattakerfi, lækkun matvöruverðs, lækkun opinberra þjónustu ofl. Við viljum sjá að allt samfélagið taki sér tak og hugsu um þjóðarhag.

Verðum að standa saman

Þessi samhljómur var einnig á ársfundi ASÍ. Hvers vegna? Líklega vegna þess að fólk veit að við sem þjóð verðum að standa saman. Við getum ekki endalaust horft til fortíðar og velt fyrir okkur hvað gerðist. Dómsmálin eru komin í farveg og við verðum að treysta þeim aðilum sem gera eiga hrúnið upp. Við ætlum að lifa áfram og byggja upp til framtíðar. Til þess þurfum við að auka kaupmátt, létta skuldaklafa af fjölda heimila og koma 15 þúsund manns í vinnu sem eru án atvinnu í dag.

Lífskjör á Íslandi eru orðin það léleg að það er að breyta á landflótti. Við verðum vör við það í þeim greinum sem eru innan Samiðnar. Það eru ekki bara atvinnulausu félagarnir sem eru að fara út og freista gæfunnar. Í mjög mörgum tilfellum eru menn að fara úr tiltölulega öruggum störfum en þeir sætta sig ekki við kaupmáttinn og ruglið sem gengur yfir um þessar mundir.

Á því verða atvinnurekendur líka að átta sig. Nýlega lét framkvæmdastjóri SA hafa það eftir sér að miða yrði launahækkunir við það sem verið er að semja um á Norðurlöndunum. Ég væri til í að skrifa undir slíkan samning ef við myndum einnig miða við kaupmátt, verðlag og annað félagslegt umhverfi á Norðurlöndunum. Ef við ætlum ekki að skipta um áhöfn á Íslandi verða allir aðilar að gera sér grein fyrir að kjarasamningarnir verða að bera það með sér að lífskjör hér nái fyrri styrk innan örfárra ára. Hluti þeirra kjarabóta sem við verðum að sjá fyrir endann á er jöfnun lífeyris milli almenna og opinbera markaðarins.

Skuldavandinn er ekki einsleitur

Skuldavandi heimilanna stækkar og stækkar á meðan ekki er tekið á honum. Það er búið að vera vitað í langan tíma að ekki er hægt að gera allt fyrir alla. Ríkisstjórnin hefur komið fram með margar tillögur og úrræði, mörg hver sem gagnast mörgum heimilum. En skuldavandinn er ekki einsleitur og því hefur þurft margþætt úrræði. Stór hópur hefur ekkert gert í sínum málum þar sem lýðskrumarar hafa náð eyrum almennings um að hægt sé að gera miklu betur og allt uppí að fella allar skuldir almennings niður. Því miður hefur ríkisstjórnin fallið í þá gryfju að velja sér stundarfrið með því að taka undir óraunhæfar tillögur eins og að vera með flata niðurfellingu skulda og senda reikninginn á almennu lífeyrissjóðina. Allur vafi var tekinn af á Alþýðusambandsfundinum um að slík leið yrði ekki liðin. Það þarf líka að viðurkenna að hluti heimila var búinn að koma fjármálum sínum í slíka flækju að þeim er ekki viðbjargandi. En með því að sigta þann hóp út sem hægt er að bjarga og þarf á aðstoð að halda er hægt að gera mikið með tiltölulega litlum fjármun-

um. Svo er sem betur fer stærsti hópurinn sem bjargar sér sjálfur. ASÍ hefur allt frá hrúni hamrað á tillögum til bjargar heimilunum sem ekki hafa fengið brautargengi. Þeir sem hafa haldið uppi umræðunni hafa afvegaleitt hana því líkt að vitræn umræða hefur ekki verið vinsæl. Hæst hafa þeir látið sem voru búnir að koma sínum málum í kalda kol löngu fyrir hrún. Þeir hafa verið álíka ábyrgir í málflutningi og í fjármálum. Þær tillögur sem komu úr nefnd ríkisstjórnar virðast sumar hverjar lofa góðu. Ég tel þetta síðasta tækifæri alþingis að snúa bökum saman og við eigum að gera þá kröfu til stjórnar og stjórnarandstöðu að koma fram með raunhæfar tillögur til lausnar og standa saman og segja hingað og ekki lengra við lýðskrumarana svo fólk fari að gera eitthvað raunhæft í sínum málum.

Takið ákvarðanir!

Ég tel líka að alþingi sé á síðasta snúningi að koma fram með raunhæfa framtíðarstefnu í atvinnumálum. Stjórnarmálmennt geta verið í óraunhæfum yfirboðum þar eins og loddararnir í skuldamálum en þeir atvinnulausu verða jafn atvinnulausir. Störfum fjölgar ekki við það eitt að menn standi á alþingi og rifist um hvor sé með flottari tillögu í atvinnumálum eða hvorum sé um að kenna. Það eykur ekki hagvöxt og þar með ekki kaupmátt. En þetta sjónarspil þarf þjóðin að horfa uppá. Takið ákvarðanir!

Enn og aftur vilja félagsmenn Samiðnar leita allra leiða að ná fram auknum kaupmætti og aukinni atvinnu. Ef ekki með friði þá kunnum við enn fræðin um verkföll og allt sem því viðkemur. Það er ekki fyrsti og ekki annar valkostur okkar. Við ætlum að búa áfram í þessu landi með mannsæmandi kjör í góðum störfum. Við notum þær aðferðir sem þarf til að ná þeim markmiðum.

Nýtt!

Nicorette® Whitemint

Dregið getur úr mislitun tanna þegar reykingum er hætt



Nicorette® Whitemint, mjúkt með mintubragði

Nicorette® nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagsskammtur nikótínlyfjatyggigúmmis er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.





Samiðn hvetur til þjóðarsáttar

Kjaramálaráðstefna Samiðnar var haldin 15. október en hana sóttu um 70 fulltrúar aðildafélaganna. Blásið var til þessarar rástefnu til að fara yfir þær áherslur sem Samiðn mun leggja fram nú þegar endurnýjun kjarasamninga stendur fyrir dyrum. Finnbjörn Hermannsson formaður Samiðnar fór yfir stöðuna í upphafi fundarins og Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ gerði grein fyrir hagspá sambandsins og fór yfir horfurnar í íslenskum þjóðarþúskap eins og þær blasa við ASÍ.

Aðferðafræði í samningaviðræðum

Samiðn leiði kjarasamninga fyrir hönd aðildarfélaga sambandsins en sameiginleg mál sem snúa að ríkisvaldinu verði á sameiginlegu borði ASÍ. Lögð verði áhersla á að kjarasamningar taki til allra og um þá myndist þjóðarsátt þ.e. þríhliða samningur milli ríkis, atvinnurekenda og launamanna. Það sem samið verði um við ríkið verði bundið í lögum.

Samstarfiðnaðarmanna

Lögð er áhersla á að iðnaðarmannasamfélagið hafi náði samstarf við kjarasamningagerðina. Skoða þarf sérstaklega hvort æskilegt sé að semja á undan opinberu félögunum eða ekki og ræður þar mestu hvort tekst að mynda samstöðu um þjóðarsátt.

Að því loknu var fundarmönnum skipti upp í hópa þar sem farið var yfir núverandi kjarasamning og jafnframt ræddu hóparnir komandi samningaviðræður, áherslur og leiðir. Afrakstur þeirrar vinnu tók síðan samninganefnd Samiðnar til umfjöllunar á fundi sínum fyrir skömmu og hér fyrir neðan birtast þær áherslur sem Samiðn mun hafa að leiðarljósi í komandi kjarasamningaviðræðum.

Samningstíminn

Ef samið verður til þriggja ára þarf samningurinn að innihalda skýr endurskoðunarákvæði. Ákvörðun um endurskoðun á að vera á ársfresti og í höndum stéttarfélaganna sjálfra.

Réttindi í kjarasamningum

Fjölskylduréttur

Réttur vegna veikinda barna verði útvíkkaður og ná til fjölskyldunnar, þ.e. maka, foreldra og langtímaveikinda unglinga. Skoða þarf hvort ekki beri að hækka viðmiðunaráldur (er 13 ár) frá því sem nú er í langtímaveikindum.

Almenn ánægja ríkti meðal fundarmanna með það fyrirkomulag sem notast var við á kjaramálaráðstefnu Samiðnar. Þjóðfundarformið stuðlar að virkni fundamanna og umræður verða líflegri og árangurinn skilar sér í betri samstöðu og niðurstöðum sem fundamenn eru almennt sáttir við.



Áunninn réttur

Aukið verði við og jafnaður rétturinn til að flytja áunnin réttindi milli atvinnurekenda. Einnig taki það til þess að flytja réttindi á milli almenna vinnumarkaðarins og opinbera geirans.

Jöfnun lífeyrisréttar

Lögð verði áhersla á jöfnun lífeyrisréttinda milli almennu lífeyris-sjóðanna og þeirra opinberu. Horft verði til þess að jafna ábyrgð atvinnurekenda á lífeyrisréttindum sbr. ábyrgð ríkisins á réttindum opinberra starfsmanna.

Samræmdur orlofsréttur

Samræma ber orlofsréttinn milli almenna vinnumarkaðarins og þess opinbera, miða ávinnslu við lífaldur.

Laun og launakerfi kjarasamninga

Ábyrgð og menntun

Tekið verði enn frekar en gert er í dag tillit til ábyrgðar og menntunar við uppbyggingu launataxta og jöfn laun óháð kyni tryggð. Launaþrepum verði fjölgað og spanni 10 ára starfsreynslu í starfs-greininni.

Launahækkanir

Umsamdar launahækkanir komi á alla launataxta. Skoða þarf hvort hægt sé að tengja hækkun kauptaxta við launaskrið svo bilið milli þeirra og greiddra launa aukist ekki á samningstímanum. Við ákvörðun um launahækkanir verði horft til þess að það náist fram kaupmáttaraukning. Launahækkanir verði í prósentum.

Almenn atriði

Kennitölulflakk, undirverktakar, iðnlöggjöfin og starfsmannaleigur. Endurskoða reglur um útgáfu nýrra kennitalna þegar um gjaldprot er að ræða og lögbinda að ekki megi gefa út nýja kennitölu fyrr en eftir nokkur ár. Settar verði skorður við nafnaskiptingu fyrirtækja.

Setja skýrari reglur um undirverktöku, meðal annars um fjölda undirverktaka, það er hversu mörg þrep af undirverktöku megi vera. Settar verði skýrari reglur um ábyrgð aðalverktaka á skyldum undirverktaka gagnvart réttindum sem byggja á kjarasamningi og skilum á opinberum gjöldum.

Skýra atvinnurekendaábyrgð starfsmannaleiga og ábyrgð þeirra gagnvart kjarasamningum. Skoða stöðu einyrkja og tryggja þeim atvinnuleysisbætur án þess að þurfa að leggja af alla starfsemi.

Iðnlöggjöfin

Endurskoða iðnlöggjöfina með það að markmiði að gera viðbrögð við brotum markvissari og að settur verði skýr refsiramma vegna brota á löggjöfinni. Fjölga þeim iðngreinum sem hafa löggildingu og um leið þeim sem falla undir iðnlöggjöfina. Tryggja að starfsheiti komi fram á starfsmannaskirteinum.

Sameiginleg mál

Velferðarkerfið

Endurskoða á niðurskurð í heilbrigðiskerfinu og þá sérstaklega á landsbyggðinni. Tryggja að örorku- og ellilífeyrir hækki til samræmis við verðbólgu eins og samningar gera ráð fyrir. Koma í veg fyrir skerðingu á fæðingarorlofi og lengja það þegar horft er til framtíðar. Gert verði lágmarks framfærsluviðmið og það notað við ákvörðun um atvinnuleysisbætur.

Skattamál

Foreldrar geti nýtt persónuafslátt skólabarna sinna 16-18 ára. Hækka vaxta- og barnabætur og hækka skattleysismörk (talan 200.000 nefnd þar). Persónuafslátturinn verðtryggður og skattleysismörkin miðist við lágmarksframfærslu. Ekki hækka um skattþrep þó sér-eignarsparnaður sé tekinn út.

Samantekt frá fundi með starfsfólki hjá ríki og sveitarfélögum

Kjaramál:

- Samningstími verði tvö til þrjú ár með rauðum strikum þar sem félagsmönnum gefst tækifæri á að kjósa um endurskoðun hans ef forsendur bresta.
- Samræma starfskjör hjá ríki og sveitarfélögum (kaup og kjör)
- Nýr samningur taki við frá fyrsta degi þegar núgildandi kjarasamningar renna út
- Víkka út veikindarétt vegna veikinda maka eða náins fjölskyldumeðlims
- Verðtryggja laun ef verðtrygging verður áfram á lánum

Félagslega kerfið:

- Endurvekja verkamannabústaðakerfið
- Heilbrigðiskerfið taki til allra sjúkdóma þ. á m. augna og tanna

Skattamál:

- Hækka persónuafslátt og skattleysismörk

Lífeyrismál:

- Jafna lífeyrisréttindi við opinbera starfsmenn
- Makalífeyrir haldist óbreyttur út ævina

Launamál:

- Auka og tryggja kaupmátt launa
- Miða laun garðyrkjufræðinga hjá Reykjavíkurborg við laun garðyrkjufræðinga hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastdæmis
- Fjölga aldursþrepum í launatöflu

Ríkisstjórnin víki takist ekki að leiða þjóðina úr efnahagsöngöngunum

Samiðn lýsir miklum vonbrigðum með hversu hægt hefur gengið að finna ásættanlegar lausnir fyrir skuldsett heimili og fyrirtæki, hversu hægt gengur að fá niðurstöðu varðandi gengistryggð lán og hvernig það svigrúm til lækkunar skulda sem varð til við yfirfærslu frá eldri bönkunum til þeirra nýju hefur verði nýtt, segir meðal annars í ályktun sem samþykkt var á kjaramálaráðstefnu Samiðnar.

Í ályktuninni koma fram áhyggjur fundarmanna af því að langvarandi óvissa dragi kjarkinn og kraftinn úr þjóðinni til að takast á við þau krefjandi verkefni sem við blasa, snúa vörn í sókn og hefja endurreisn íslensks efnahagslífs. Hver mánuður sem fer í bið eykur á vanda þjóðarinnar og skerðir lífskjörin í landinu til langrar framtíðar. Þá segir jafnframt að forsenda þess að hér á landi verði viðsnúningur séu auknar fjárfestingar í atvinnulífinu. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að hið opinbera leggi mikið af mörkum í þeim efnum vegna mikillar skuldsetningar.

Samiðn lýsir yfir miklum vonbrigðum með að ekki tókst að halda áfram samstarfi sem stöðugleikasáttmálinn byggði á og lýsir ábyrgð á hendur ríkisstjórninni þar sem



mikið skorti á að hún stæði við gefin fyrirheit, meðal annars um áttak í atvinnumálum.

Við þessar aðstæður ganga íslensk stéttarfélag til viðræðna um endurnýjun kjarasamninga. Með hvaða hætti verður staðið að þeim mun ekki síst ráðast af stjórn mála-ástandinu í landinu og hversu líklegt það er að stjórnvöld séu að ná tökum á þeim vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Samiðn hvetur til víðtækrar samstöðu til að vinna bug á afleiðingum bankakreppunnar. Verkefnið er stærra en svo að ríkisstjórnin ein og sér valdi því. „Ríkisstjórnin hefur einangrast vegna skorts á samstarfs-


vilja og sundurlyndis ríkisstjórnarmeirihlutans. Óábyrg stjórnarandstaða hefur spilað á sundurlyndið, tafið mál og komið í veg fyrir að mikilvæg mál nái fram að ganga,“ segir jafnframt í ályktun fundarins.

Í lok ályktunarinnar kemur fram sú krafa Samiðnar að stjórnendur landsins sýni samstarfsvilja, ábyrgð og festu, og víki sérhagsmunum til hliðar. Takist ríkisstjórninni ekki að sýna með ótvíræðum hætti á næstu dögum að hún hafi styrk og vilja til að leiða Ísland út úr efnahagsvandannum ber henni að víkja, segir í samþykkt kjaramálaráðstefnu Samiðnar.

DISKURINN

auðveld leið til að stuðla að vel samsettum máltíðum

Diskurinn sýnir á einfaldan hátt hvernig hægt er að setja saman góða og holla máltíð með því að skipta matar-disknum í þrjá jafnstóra hluta. Á einum hlutanum er próteinríkur matur, öðrum kolvetnaríkur og á þeim þriðja grænmeti og/eða ávextir. Þannig er auðvelt að bera fram vel samsetta máltíð. *Diskurinn* ætti að vera grunnur að sem flestum aðalmáltíðum.



Með *Disknum* er matnum skipt í þrennt

• **Próteinrík matvæli:** Fiskur, kjöt, egg, baunaréttir eða mjólkurmatur. Þegar kjöt er á boðstólnum, veljið þá magurt kjöt sem og fituminni og sykurliðlar mjólkurvörur.

• **Kolvetnarík matvæli:** Kartöflur, pasta, hrísgrjón, kornmeti eða brauð. Þegar kornvörur eru á boðstólnum, veljið þá sem oftast trefjaríkar/ heilkorna tegundir.

• **Grænmeti/ávextir:** Alls konar grænmeti, rótarávextir eða ávextir. Aukið fjölbreytnina með því að vera bæði með hrátt og soðið grænmeti. Í þessum fæðutegundum er mikið af trefjum, mikilvægum næringarefnum og öðrum hollefnum.

Hlutar *Disksins* eru allir jafnstórir, óháð því hversu mikið er borðað. Hann segir því ekki til um skammtastærð – henni stjórnar matarlyst og orkuþörf. Mikilvægt er að huga að skammtastærðum og stilla þeim í hóf.



Fulltrúar á kjaramálaráðstefnunni teknir tali

Samiðnarblaðið tók nokkra fulltrúa á kjaramálaráðstefnu Samiðnar tali til að forvitnast um afstöðu þeirra til komandi kjarasamningaviðræðna og stöðu þeirra iðngreina sem þeir tilheyra. Að auki voru þeir fengnir til að segja skoðun sína á því hvers vegna svo er komið fyrir íslenskri þjóð sem raun ber vitni.

Helgi Ólafsson bifvélavirki

– Við þurfum prósentuhækkanir og aukinn kaupmátt. Við höfum dregist aftur úr og það er nauðsynlegt að ná því upp. En þó verður það að vera þannig að ekki verði allt sett á hliðina, það er ekki til neins að vera að hækka launin ef mjólkinn hækkar strax daginn eftir. Til að tryggja kaupmáttinn mætti semja um rauð strík þannig að ef forsendur breytast breytist kaupið í samræmi við það. Það hefur náttúrlega verið reynt áður og gengið misvel, segir Helgi Ólafsson bifvélavirki, starfsmaður í Brimborg.

En hvað telurðu að þurfi til að halda þessu í böndum?

– Það þarf náttúrlega vilja beggja aðila og heiðarleika. Og það þurfa að vera einhver refsíákvæði ef þetta ætlar ekki að ganga upp, ef annar aðilinn stendur sig ekki. Svo er náttúrlega umræðan um jöfnun lífeyrisréttinda. Það þarf að koma því í lag svo að menn hafi trú á þessu kerfi, það er svo mikil endaleysa í þessu. En ég hef ekki svör við því hvernig á að gera það!

En hvernig er staðan í þínu félagi?



– Mitt félag nær náttúrlega yfir svo margar greinar. Í bifreiðaviðgerðunum finnum við fyrir kreppunni en í heildina erum við þökkalega sáttir. Þar hefur ekki orðið hrun eins og til dæmis í byggingargeiranum, því við erum þrýðilega settir um vinnu. Bílarnir halda áfram að keyra og þurfa sitt viðhald. En það selst ekki einn einasti bill og fyrirtækin sjálf eru rosalega illa sett þannig að mörgum hefur verið sagt upp, nema á verkstæðunum. Greinin sjálf hefur því ekki orðið fyrir miklum skakkaföllum.

Stóra spurningin á þessum „síðustu og verstu“: Hverjar eru að þínu mati meginástæður þess að svona er komið er fyrir okkur?

– Já, hvað gerðist? Menn tóku bara lán endalaust. Ef maður fer yfir þetta þá voru menn bara að ræna fyrirtæki og banka innanfrá. Það vantaði náttúrlega eitthvað upp á regluverkið þegar allt hafði verið gefið frjálst. Þetta er alveg hrikalegt ástand. Það þarf að breyta mörgu ef þetta á ekki að koma fyrir aftur, og siðferðið er ekki alveg í lagi. Þá má í það minnsta setja stórt spurningamerki við það.

Stundum hefur verið sagt að verkalyðshreyfingin hafi týnst á þensluárunum. Finnst þér að hún hafi nú fundist aftur?

– Mörg félög náðu á þessum tíma töxtum upp í greidd laun, sem hlýtur að vera sterkt. En áhugi á félagsstörfum er ósköp lítill yfir heildina. Ásókn í upplýsingar frá félaginu og styrk þaðan eykst náttúrlega í svona ástandi þannig að ég held að þau séu alveg að sanna sig. Svo er náttúrlega annað mál hvort ASÍ stendur sig í stykkinu núna. Það er náttúrlega ekki alveg nógu gott þegar farið er að berja potta og pönnur þar fyrir utan, segir Helgi Ólafsson bifvélavirki.

Andri Sveinn Jónsson, málari

– Það þarf nauðsynlega að bæta kaupmáttinn en ég sé þó ekki endilega fyrir mér að við fáum í gegn launahækkun sem skilar sér til okkar. Samt verður það að vera og það þarf að tryggja að allir hækki ekki verð á öllu jafnharðan, segir Andri Sveinn Jónsson, málari á Akureyri.

Þetta var í fyrsta sinn sem hann sat kjaramálaráðstefnu en hann hefur starfað innan Samiðnar í rúm t. ár.



– Það var mjög gaman að fá að taka þátt í þessu en ég hef ekki verið það lengi í félagsmálunum að ég treysti mér til þess að meta stöðuna frekar en þetta. Sjálfur er ég atvinnulaus núna og hér á Akureyri er nokkurt atvinnuleysi meðal málara og útlitið ekki spennandi. Hér eru fáir að byggja og sú vinna sem fæst er við endurmálun en eins og ástandið er býst ég við að margir kjósi að mála sjálfir frekar en fá málara til þess.

En telur Andri Sveinn að fólk væri reiðubúið til að fara í verkfall til að fylgja eftir kröfum sínum?

– Það myndi nú ekki skipta mig máli núna! En það þyrfti náttúrlega að skoða. Ef ekkert gerist verður fólk að grípa til einhverra ráða!

Ásbjörn Árni Árnason húsasmiður

– Mér finnst mikilvægast að í næstu kjarasamningum verði haldið utan um réttindi starfsmanna, iðnaðarmanna sérstaklega. Það vantar til dæmis viðurlög við því að ólærðir menn séu ráðnir til vinnu í iðngreinum og haldið sé utan um réttindi iðnaðarmanna. Mér finnst við hafa svolítið gleymst og forgangsröðunin í þessu hafa verið dálítið röng, segir Ásbjörn Árni Árnason húsasmiður, sem vinnur um þessar mundir við nýja tónlistarhúsið Hörpu.

Hvað með sjálfan kaupliðinn?

– Lágmarkslaunin eru allt of lág og grunnurinn er náttúrulega að lágmarkslaunin verði hækkuð. Svo þarf að færa taxtana nær greiddum launum, það vantar talsvert upp á það hjá okkur smiðum.

Hvernir líst þér á stöðuna hjá húsasmiðum almennt?

– Þótt ég hafi næga vinnu eins og stend-



ur líst mér mjög illa á framtíðina. Það eru litlar horfur á vinnu við nýbyggingar nema helst hjá hinu opinbera. Að öðru leyti sé ég ekki möguleika á vinnu á næstunni við annað en viðhald, kannski einhver smáverk. Það var ótrúleg skammsýni að halda svona áfram og áfram að byggja. Einhvern tíma hlaut þessu að ljúka.

Telurðu líkur á að farið verði í harða kjara-baráttu?

– Miðað við árferðið núna veit ég ekki hvort menn þora það. Samstöðuna hefur vantað, á pensluárunum var hver í sínu horni. En samstaðan hefur aukist upp á síðkastið, að mörgu leyti, en þegar á reynir veit maður ekki hvað gerist.

Finnst þér að afstaðan til verkalýðshreyfingarinnar sé eitthvað að breytast núna í seinni tíð?

– Nei, það finnst mér ekki. Ennþá finnst mér menn hafa ekkert allt of mikla trú á verkalýðsfélögum í baráttumálum. En þetta má alveg breytast og ég ætla að vona að það fari að gera það! Ég hef sjálfur haft góða reynslu af verkalýðsfélögum, mér hefur fundist þau hafa staðið sína plikt en finnst samt að þau mættu hafa meira frumkvæði. Að þau stigi fram fyrir okkur en standi ekki fyrir aftan okkur í baráttunni. Ef við ímyndum okkur víkinga, þá finnst mér að félögin ættu að urra fyrir framan okkur með skildina merktu, ekki aftast. Það hefur náttúrulega ekkert reynt á þetta núna því allir hafa svona dormað með en við skulum sjá til hvað gerist þegar á reynir ef fer í hart í næstu viðræðum! segir Ásbjörn Árni.

Finnbogi Jónsson málmiðnaðarmaður

– Það er alveg ljóst, eins og allt horfir við, að það er ekki endalaust hægt að hækka álögur á fólk án þess að laun hækki á móti. Það verða að koma launahækkanir í einhverri mynd en það er einnig nauðsynlegt að gera einhvers konar samkomulag við ríkisstjórnina sem tryggir að þær haldist, segir Finnbogi Jónsson, málmiðnaðarmaður og starfsmaður Slippstöðvarinnar á Akureyri.

– Hins vegar er ég á þeirri skoðun að besta kjarabótin sem við gætum fengið væri hækkan skattleysismarkanna. Það er kjarabót sem hvorki mólur né ryð geta grandað, eins og þar stendur, og kæmi báðum aðilum til góða, launafólki og atvinnurekendum.

Annars sé ég nú ekki hvernig við ætlum að snúa okkur í þessu. Ég veit ekki hvort ætlunin er að fara sameiginlega í viðræður, en iðnaðarsamfélagið er mjög misjafnlega statt. Hjá málmiðnaðinum held ég að borð sé fyrir báru en ég held samt að við ættum að fara saman til viðræðna. Staðan gæti



orðið þannig síðar að málmiðnaðarmenn stæðu verr en aðrir, þá værum það við sem þyrftum stuðning.

Ég hef ekki gert mér hugmyndir um ákveðnar línur sem ætti að leggja höfuðáherslu á í kröfugerð – nema þessa: að þjarna að ríkisstjórninni að hún hækki skattleysismörkin.

Þú segir að staða málmiðnaðarmanna sé góð núna. Geturðu skýrt það nánar?

– Já, staða okkar er mjög góð, það vantar menn hjá Slippstöðinni. Um leið og kreppan skall á varð brjálað að gera í skipaviðgerðum, ekki síst á erlendum skipum sem við höfum verið að taka upp í slippinn.

Það hafði aldrei gerst áður að því ég best veit. Nú vinnum við alla daga til klukkan sex og flesta laugardaga. Það er nóg að gera hjá okkur og ég held að það gildi um flestar skipasmíðastöðvar á landinu.

Þá komum við að stóru spurningunni: Hvers vegna telur þú að staðan hér á landi sé eins og hún er?

– Auðvitað vantaði aðhald, stjórn og eftirlit. Hitt er annað mál að höfuðorsökin fyrir því að staðan er svona núna er sú að þegar þetta skall yfir átti ríkisstjórnin að taka þannig á málum að fólk héldi húsnum sínum, því svo lengi sem fólk hefur þak yfir höfuðið er það tilbúið að berjast. En þegar fólk hefur tapað öllu er ástandið óviðunandi.

Sjáðu til. Við tökum lán hjá banka til þess að kaupa hús en svo fer bankinn að leika sér með peningana og fer á hausinn. Þá er sagt við okkur: Þú verður að borga meira. Það sem vantar uppá er að samningar sem við gerum við bankann standi, í staðinn fyrir að við séum látin borga þrjú til fjögur hús þegar upp er staðið. Þess vegna er ástandið eins og það er. Bankinn á að bera áhættu líka og það þarf að setja skýrar línur um það hvað má gera og hvað má ekki gera, segir Finnbogi Jónsson, málmiðnaðarmaður á Akureyri.



Ólafur Axelsson trésmiður

– Það er mikilvægast að kaupmáttur launanna haldi út samningstímamann. Annað mál er hvernig það verður tryggt, en það mætti til dæmis gera með því að hafa ákveðnar viðmiðanir og þegar verðlag er komið upp fyrir þær verði greidd atkvæði um hvort segja ætti launalið samninganna upp, segir Ólafur Axelsson smiður.

Hann starfar á verkstæði Árbæjarsafns og hefur sjálfur nóg að gera þar en segir að almennt sé atvinnuástandið slæmt hjá smiðum.

En geta smiðir ekki lengi bjargað sér með íhlaupavinnu í smáverk og viðhald?

– Jú, jú. En það segir nú ekki mikið, gefur ekki af sér tekjur sem þarf til að framfleyta fjölskyldu.

Hvers vegna telur þú að svona sé komið fyrir samfélaginu hérna?

– Ég ætla ekki að fara að skamma Jón Ásgeir og þá núna – en höfuðorsökina er vankunnátta þeirra sem höndluðu með fé þjóðarinnar. Hennar erum við að gjalda núna. En ég tel líka að við verðum öll að líta í eigin barm og hugleiða hvers vegna svo margir spiluðu með, segir Ólafur Axelsson smiður.

Sigrún Valpórsdóttir hársnyrtisveinn

– Ég tel mikilvægast að áhersla verði lögð á taxtahækkanir, orlofsrétt og fleiri félagsleg atriði, sem ég tel nauðsynlegt að bætt verði inn í kjarasamningana, segir Sigrún Valpórsdóttir hársnyrtisveinn.

Sigrún segir að þrátt fyrir hrun sé staðan þannig í greininni að fólk lætur enn klippa sig en hugsanlega líði lengra á milli klippinga nú en áður.

– Áður var algengt að fólk kæmi á þriggja til fimm vikna fresti en nú líða sex til átta vikur á milli og það er meiri dauður tími milli anna hjá okkur en áður. Ég hef þó engar staðfestar tölur um þetta, bara það sem ég heyri í kringum mig.

– Hins vegar verður æ algengara í okkar stétt að sveinar leigi sér stóla í stað þess að gera ráðningarsamning og vinna samkvæmt taxa. Ég hef heyrt nokkrar sögur af því að eigendur hársnyrtistofanna leigi út stóla en vilji samt ráða hvenær og hvernig verktakarnir vinna. Það er andstætt kjarasamningum okkar, þar sem segir: „Verktaki ráði vinnutíma sínum og aðstoðarmanna,



vinnustað, vinnutilhögun og stjórn vinnunnar“.

Hverjar heldurðu að séu ástæður þess að svona er komið fyrir þjóðinni?

– Orsök hrunsins er klárlega græðgi fárra manna og grandaleysi þeirra sem áttu að standa vörð um velferð okkar. Svo strandar allt hjá stjórnvöldum, sem vilja ekki viðurkenna að þau vita ekki hvernig þau eiga að koma okkur uppúr þessum hjólförum.

Tryggvi Fr. Arnarson umhverfisgarðyrkjufraeðingur

– Í næstu kjarasamningum þarf að leggja áherslu á kaupmáttaraukningu númer eitt, tvö og þrjú, í hvaða formi sem það verður, segir Tryggvi Arnarson umhverfisgarðyrkjufraeðingur.

– En vitanlega á eftir að móta þær kröfur sem farið verður fram með. Þetta er hins vegar það sem manni heyrir á fólk að sé aðalatriðið, og það verður að fást, hvað sem ástandinu í þjóðfélaginu líður.

Staðan í minni iðngrein er þannig að það hefur hægt á öllu og vetrarvinna er ekki mikil þannig að það er ekki bjart yfir hjá okkur. Mér heyrir að flestir hafi þó haft vinnu yfir sumartímamann en í heildina starfa færri hjá verktökum en verið hefur, líklega þriðjungi til helmingi færri. Einnig hefur vinnudagurinn styst á mörgum vinnustöðum, bara unnin dagvinnan og jafnvel ekki það. Undanfarna vetur hefur veðrið verið svo gott að sumarvinnan hefur teygst



að heita má yfir allt árið en nú hefur orðið breyting á því og hún takmarkast orðið við mánuðina mars til október.

Venjulega er mikil vinna tengd garðyrkju á vegum sveitarfélaganna en þar má ekki ráða fólk núorðið þannig að þar hefur orðið mikill samdráttur. Þetta gildir um öll sveitarfélög.

Hvers vegna er svona komið fyrir þjóðinni að þínu mati?

– Það er einfalt: Það varð efnahagshrun og stór þáttur í því að það varð er græðgi og glæpamennska.

Sigurður Freysson, málmíðnaðarmaður

– Ég tel að við þurfum að tryggja kaupmáttinn með öllum ráðum. Líklega er best að semja um hækkun á töxtum, ekki fjölga launaprepum, ná orlofs- og desemberupp-bótum inn í taxtana, þó ekki á kostnað annarra atriða. Þá þarf að semja við ríkisstjórnina um tilslökun á brjáláðri stefnu Indriða [Þorlákssonar] í skattamálum og ná til baka einhverju, til dæmis með samningum um persónuafsláttinn. Það væri bara býsna gott skref til að byrja með, segir Sigurður Freysson á Eskifirði.

Sigurður er stálskipasmiður og fullyrðir að enda þótt ekki sé mikið að gera í þeirri grein sé nóg að gera hjá málmíðnaðarmönnum um almennt. Svo virðist að það sé frekar erfitt að fá menn í vinnu.

– Það er sennilega vegna þess að vinnan er oft erfið og það mætti greiða betur fyrir hana. Í öllu falli virðist vera erfitt að fá fólk til starfa hér austur á landi. Fyrir nokkru var auglýst í Mogganum eftir bílavíðgerðarmanni og boðin góð laun og flutningsstyrkur. Hingað til hefur borist ein fyrirspurn, og hún kom frá Íslendingi sem býr á Jótlandi. Ég held að umræðan hér í þjóð-



félaginu þurfi að breytast svo að fólk fari að sjá framtíð í því að búa í hinum dreifðari byggðum landsins. En þau skilaboð sem birtust okkur landsbyggðarfólki í nýframlögðu frumvarpi til fjárlaga þar sem boðuð er algjör stefnubreyting stjórnvalda í því hvernig byggð skuli háttáð í landinu eru líklega ekki til þess fallin að styrkja byggðirnar.

Hverjar eru að þínu mati ástæður þess að svona er komið fyrir þjóðinni?

– Hér eru tvær þjóðir og það er illa komið fyrir annarri þeirra. Á litlum hluta landsins var agaleysið algjört, sama hvernig á það er lítið. Það kom fram í ýmsum

myndum; það var ekki „tími“ til að bíða eftir nokkrum hlut, það var bara þrýst á að allt yrði að gerast strax og mér virðist að engu máli skipti hvort um var að ræða opinbera aðila eða einkaaðila eða fjölskyldur. Allt átti bara að gerast strax, annað væri óeðlilegt og ekki sæmandi þessari ríku þjóð.

Auðvitað endaði þetta með því að stjórnendur landsins slepptu öllu lausu, fjölmiðlamenn, embættismenn, almenn-ingur, bankamenn og kannski fleiri léku algjörlega lausum hala. Allir þurftu allt strax og allt var skrúfað upp og talið betra eftir því sem eftirlitsleysið og brjálæðið varð meira. Aðgangur fólks og fyrirtækja að fjármagni varð hömlulaus og manni virtist stundum að bara væri framkvæmt til að framkvæma og þá í einhverri keppni um hvað hægt væri að gera sem vitleysislegast.

Auðvitað endaði þetta með því að flytja þurfti til landsins tugi þúsunda erlendra verka- og iðnaðarmanna enda ekki hægt að ætlast til þess að „þjóðin“ ynni sjálf í undirstöðuatvinnuvegunum og skapaði verðmæti. Einhver hluti þjóðarinnar taldi að betra væri að flytja bara ódyrt vinnuafli inn til landsins til þess að vinna verkin á meðan við vorum á stjórnlausri vegferð, sem síðan leiddi okkur til þess sem við sjáum nú fyrir okkur.

Ingigerður Magnúsdóttir tækniteiknari

– Að mínu mati er mikilvægast að í næstu kjarasamningnum verði lögð áhersla á að hækka lægstu laun og halda kaupmættinum og áunnum réttindum, segir Ingigerður Magnúsdóttir tækniteiknari.

Staðan í minni iðngrein er ekki góð. Margir eru atvinnulausir, 60 til 80% hafa líklega misst vinnuna, sumir eru á atvinnuleysisbótum en aðrir í annarri vinnu eða skóla. Þegar verkefnum fækkar hjá hönnuðum fara þeir að hanna beint á tölvurnar en þegar meira er að gera taka þeir blýantinn og tækniteiknarinn fullteiknar síðan teikningararnar í tölvunni. Oftast er það samt á hendi tækniteiknarans að sjá um uppsetningu teiknara, teiknisetta og útgáfu teikninganna.

Félag tækniteiknara er nýlega gengið í Félag iðn- og tæknigreina. Hver var aðdragandi þess og hvernig var samningamálum ykkar háttað áður?



– Við höfðum velt því fyrir okkur í nokkur ár hvernig félaginu væri best borgið því við áttum erfitt uppdráttar og sáum fram á að við myndum deyja út sem félag. Við vorum og erum einungis með einn kjarasamning, sem við gerðum við FRV, Félag ráðgefandi verkfræðinga, og félagsskapurinn snerist í rauninni um það eitt því við höfðum ekki bolmagn til að halda úti sjúkrasjóði, starfsmenntasjóði eða orlofssjóði.

Félagið okkar þurfti því á stuðningi sterkara félags að halda og eftir að hafa skoðað nokkra kosti fannst okkur í stjórn félagsins að við ættum best heima í FIT. Formaður FIT var okkur sammála um það og hann og aðrir forsvarsmenn félagsins tóku okkur einstaklega vel. Við þökkum þeim kærlega fyrir móttökurnar.

Hvað eru tækniteiknarar margir?

– Ég geri mér ekki grein fyrir því þar sem þeir voru alls ekki allir í félaginu okkar. Margir kusu að vera í VR, einmitt vegna þess hvað félagið okkar var lítið, og af því að við gátum ekki veitt félagsmönnum þjónustu sem heitið gat.

Að lokum stóra spurningin, sem margir hjóta að velja fyrir sér um þessar mundir: Hvers vegna er svona komið fyrir okkur?

– Fyrir utan alheimskreppuna og íslensku útrásina álit ég að hinn almenni Íslendingur hafi lífað langt um efni fram, sérstaklega á árunum uppúr aldamótum. Lífsstíllinn var oftast en ekki fjármagnaður á lánum, sem bankarnir spöruðu ekki að ota að fólki, segir Ingigerður Magnúsdóttir tækniteiknari.

Hætta á að stöðnun ríki í efnahagsmálum á næsta ári

Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur er ekki sáttur hve við hægt gengur að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Þetta kemur fram í svari hans þegar *Samiðnarblaðið* spurði hann hverjar væru horfurnar að hans mati í íslensku efnahagslífi næstu misserin

Stutta svarið við spurningunni felst í því að draga saman upplýsingar úr nýjustu hagspám. Seðlabankinn birti spá sína í byrjun nóvember, ASÍ undir lok október og fjármálaráðuneytið í byrjun október í tengslum við fjárlagafrumvarpið. Meginstærðir í þessum spám eru lítillega mismunandi en meginmyndin sú sama. Í heild verður samdráttur á þessu ári á bilinu 2–4%, mismikill eftir einstökum spám. Það er lakari útkoma en spáð hafði verið á árinu 2009 um útkomu ársins og frameftir ári 2010. Þá er gert ráð fyrir hægum hagvexti á árunum 2011–2012 eða á bilinu 2–3%. Áhöld eru um hvort botni niðursveiflunnar hafi verið náð á þessu ári. Samkvæmt spá Seðlabankans dregst því landsframleiðsla saman um rúm 9% á árunum 2009 og 2010. Verðbólguþrýstingur er minnkandi og lítill og horfur á að verðbólgu-markmið Seðlabanka náist á næstu mánuðum. Mikill afgangur er á viðskiptum með vöru og þjónustu við útlönd eða um 9% og eru horfur á að svo verði áfram. Þessi mikli viðsnúningur endurspeglar veikt gengi krónunnar og staða krónunnar endurspeglast einnig í þróun þjóðarútgjalda sem virðast ætla að dragast saman um 23% á árunum 2009 og 2010, mest á árinu 2009 þegar samdrátturinn var tæp 21% samkvæmt nýjustu áætlunum. Spáð er að atvinnuleysi verði rúm 8% á árinu 2010 eða svipað og að meðaltali á árinu 2009. Seðlabankinn spáir lækkun atvinnuleysis strax á næsta ári um 1% sem virðist bjartsýni með tilliti til þess að hagvaxtarspá bankans er aðeins 2%. Almenn talið að minna atvinnuleysi í uppsveiflu komi fram með talsverðri tímatöf vegna yfirmönnum sem myndast í samdrættinum. Áætlað er að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi lækkað um tæp 18% á árinu 2009 og rúm 9% á þessu ári eða samtals um 28,5%.

Langa svarið felst í mati á því hvort lík-

legt sé að þessar spár fyrir 2011 og 2012 gangi eftir. Þar eru margir óvissuþættir og margir þeirra eru að óbreyttu líklegir til þess að letja hagvöxt og gera það ólíklegra að þessar spár gangi eftir. Stærsti einstaki óvissuþátturinn lýtur að stóriðjufjárfestingum. Í nýjustu spánni sem fyrir liggur, Seðlabankaspánni, er ekki reiknað með að framhald verði á slíkum fjárfestingum fyrr en 2012. Hagvöxtur árið 2011 hlýtur því að byggjast fyrst og fremst á einkaneyslu og fjárfestingum annarra atvinnuvega þar sem áformaður er bæði samdráttur í samneyslu (–2,4%) og opinberum fjárfestingum (–13,5%) á næsta ári gangi fjárlagaáform eftir. Spurning er því hvernig heimili og atvinnulíf eru í stakk búin til að auka neyslu og fjárfestingar.

Endurreisn skammt á veg komin

Þrátt fyrir að ýmislegt hafi áunnist á þeim tveimur árum sem liðin eru frá efnahagshruninu er margt enn óleyst. Áfangarnir sem náðst hafa eru einkum þrír. Tekist hefur að endurreisa fjármálakerfið, skapa stöðugleika í gengismálum og ná áfanga við að koma á jöfnuði í ríkisfjármálum. Langt er þó í land á öllum þessum þremur sviðum. Traust á fjármálakerfinu er takmarkað og meðal annars laskað af nýlegum dómum Hæstaréttar um gengistryggð lán. Enn ríkir óvissa um umfang ólögmætrar gengisbindingar og áhrif hennar á efnahag fjármálakerfisins. Þá styðst fjármálakerfið enn við 100% ríkisábyrgð á innlánunum og ákvæði neyðarlaga um forgang innistæðna við þrot innlánsstofnana. Síðastnefnda atriðið gerir innlendur innlánsstofnunum í raun ómögulegt að afla starfsfjár með öðrum hætti en innlánunum. Þannig eru lántökur á innlendum eða erlendum lánamörkuðum nánast óhugsandi

meðan innlán njóta forgangs í bú fjármálafyrirtækja. Stöðugleiki í gengismálum styðst í raun við gjaldeyrishöft, þar sem nánast allar fjármagnshreyfingar eru bannaðar og viðskipti frjáls eingöngu með vöru og þjónustu. Gjalddeyrishöftin torvela aðgang að erlendu fjármagni sem nauðsynlegt er til efnahagslegrar uppbyggingar, bæði láns- og hlutafjármagni. Þá skapa þau viðvarandi ótrúverðugleika um gengi íslensku krónunnar. Langt er ennfremur í land að skapa þá stöðu að skuldafélagun ríkissjóðs stöðvist og hægt verði að hefja niðurgreiðslu skulda. Til þess þurfa markmið efnahagsáætlunar ríkisins og Alþjóðagjaldveirissjóðsins í ríkisfjármálum að ganga eftir á næstu tveimur árum.

Þessir veikleikar hafa margvísleg áhrif. Áhrif á lánsþæfismat Íslands og íslenskra fyrirtækja eru augljós. Það batnar ekki fyrr en leyst hefur verið úr þessum hnútum. Þá eru erlendir lánamarkaðir nánast lokaðir Íslandi og íslenskum fyrirtækjum og það litla fjármagn sem ef til vill býðst er á afar slæmum kjörum.

Skuldavandi heimila og fyrirtækja óleystur

Þrátt fyrir að tvö ár séu nú liðin frá hruni bankanna hefur lítið miðað í úrvinnslu skuldamála heimila og fyrirtækja. Rúmlega 20 þúsund heimili eru með neikvæða eiginfjárstöðu og eiga því erfitt með að eiga fasteignaviðskipti af þeim sökum. Hluti þeirra heimila er í greiðsluvanda og fjölmörg heimili eru í greiðsluvanda þrátt fyrir að hrein eign þeirra sé ekki neikvæð. Þá hefur lítið áunnist við úrlausn skuldavanda hjá fyrirtækjum. Þúsundir lífvænlegra fyrirtækja, stórra og smárra, eru með laskaða efnahagsreikninga. Skuldir þeirra hafa magnast vegna



gengisfalls krónu og verðbólguþróunar sem kom í kjölfar hrunsins. Eignir hafa rýrnað í verði og tekjur minnkað vegna efnahags-samdráttarins.

Afleiðing þessa er að hvorki heimili né atvinnulíf hafa mikla burði til þess að hefja á ný uppbyggingu og fjárfestingar. Þess sér merki í efnahagslífinu á þessu ári. Mikilvægt er að ganga hratt fram í vetur við lausn greiðslu- og skuldavanda heimila og fyrirtækja. Ef það tekst ekki er tvísýnt um að áætlanir um hagvöxt á næsta ári gangi eftir.

Efnahagsstefnan

Stefnan í ríkisfjármálum er í raun fasti punkturinn í efnahagsstefnunni. Óhjákvæmilegt er að loka halla ríkissjóðs hratt. Mikilvægt er að á sama tíma verði slakað á aðhaldi í peningamálum. Það hefur gerst alltof hægt. Stýrivextir Seðlabankans eru á bilinu 4–7% og virkir vextir líklega nær neðri mörkum þess bils. Stýrivextir í nágrannalöndum eru almennt á bilinu 0,25–1%. Aðstæður í efna-

hagslífinu hér, framleiðsluslaski og verðbólguhorfur, skapa svigrúm til þess að vextir lækki verulega eða um 2–3%. Mikilvægt er að sú lækkun komi fram á næstu mánuðum til að bæta skilyrði til hagvaxtar á næsta ári.

Óvissa um vöxt á næsta ári

Spár gera eins og áður segir ráð fyrir 2–3% hagvexti á næsta ári. Sá hagvöxtur byggir á getu heimila og fyrirtækja til aukinnar neyslu og fjárfestinga. Erfitt er að sjá það gerast nema heimili og fyrirtæki verði leyst úr greiðslu- og skuldavanda. Þá er peningamálastefna Seðlabankans enn aðhaldssöm og vextir of háir til að mynda hvata til fjárfestinga. Þá er aðgangur að erlendum lánamörkuðum lokaður. Mikil óvissa ríkir því um hvort þessar spár ganga eftir og í raun er hætta á að stöðnun ríki í efnahagsmálum á næsta ári.



Við vinnum hörðum höndum



Við hrun efnahagslífs þjóðarinnar fóru mikil verðmæti forgörðum. Ýmis áður viðurkennd gildi í þjóðfélaginu eru nú til endurskoðunar. Verkalýðshreyfingin þarf að eiga skýra aðkomu að enduruppbyggingunni. Við þurfum að tryggja að grunnhugsjónir verkalýðshreyfingarinnar verði hafðar að leiðarljósi.



Íslenskir iðnaðarmenn hafa um árabil verið í forystu verkalýðshreyfingarinnar



Til góðra verka!

AFL Starfsgreinafélag • s. 4700 300 • www.asa.is

italcaffè

- *Kaffitími* -
Ekta Ítalskt

Seljum einnig baunir og malað kaffi á staðnum

Eldofninn • Pizzeria • Bústaðavegi • sími 533 1313 • eldofninn.is

Hverjar eru horfurnar í íslensku efnahagslífi næstu misserin að mati ASÍ?

Samkvæmt nýrri spá hagdeildar ASÍ hillir nú undir að botni verstu efnahagskreppu lýðveldistímans sé náð. Eftir tveggja ára samdrátt má gera ráð fyrir nokkrum hagvexti á næsta ári. Meðal þess sem yfir undir hagvöxtinn eru boðaðar framkvæmdir við stækkun álversins í Straumsvík og Búðarhálsvirkjun á næstu tveimur árum. Þar að auki hefur verðbólga gengið hratt niður síðustu mánuði og myndað grundvöll fyrir kaupmáttaraukningu og meiri neyslu heimilanna á næstu misserum. Til lengri tíma litið er margt sem styður endurreisn íslensks efnahagslífs. Við erum t.d. í fararbroddi í vistvænni orkunýtingu, eigum mikinn mannauð og velferðar- og menntakerfi sem hjálpar okkur að takast á við erfiðleika.

Það verður samt að segjast eins og er að

umskiptin í efnahagslífinu verða ekki mjög afgerandi. Hagvöxtur verður t.d. að öllum líkindum afar hægur framan af en smám saman kraftmeiri með nokkuð minnkandi atvinnuleysi. Meðal þess sem grefur undan endurreisninni er óvissuástand sem dregist

Stefán Úlfarsson hagfræðingur ASÍ skrifar

hefur á langinn, glatað traust á erlendum fjármálamörkuðum, gjaldyrishöft og háir vextir. Tafir á fjármögnun og skipulagsvinnu svo og óvissa um orkuöflun valda því t.d. að ekki er lengur hægt að gera ráð fyrir að framkvæmdir við álver í Helguvík fari að stað

á næstunni. Rekstur ríkis og sveitarfélaga er líka mjög þungur og samdráttur í útgjöldum ríkisins verður sérstaklega mikill í ár og á næsta ári. Ljóst er að allt hefur þetta þau áhrif að fjölgun nýrra starfa verður hægari en vonast var til.

Í grófum dráttum má skipta atvinnugreinunum í tvennt m.t.t. atvinnuástandsins:

Annars vegar eru atvinnugreinar sem urðu fyrir miklu áfalli strax í byrjun kreppunnar en þar sem ástandið hefur heldur verið að skána. Í þessum flokki eru greinar eins og iðnaður (án fiskvinnslu), mannvirkjagerð, verslun og viðgerðir, flutningastarfsemi, sérfræðistarfsemi og upplýsingar og fjarskipti. Að einhverju leyti kann að vera að betra ástand í þessum greinum endurspeglir brottflutning atvinnuleitenda frá landinu fremur en raunverulega bætt atvinnuástand hér á landi. Þetta virðist t.d. eiga við um greinar eins og mannvirkjagerð þar sem lítið hefur verið um nýframkvæmdir síðustu misseri. Á hinn bóginn hefur samkeppnisstaða ýmissa greina batnað verulega gagnvart innflutningi sem kann að hafa skapað aukin atvinnutækifæri.

Hins vegar eru atvinnugreinar þar sem ástandið hefur haldið áfram að versna jafnt og þétt síðan hrunið varð. Í þessum flokki eru greinar eins og gisting og veitingar, menningar-, íþróttar- og félagastarfsemi svo og ýmis opinber starfsemi á sviði heilbrigðis- og fræðslumála. Staðan í gistingu og veitingum kann að skýrast af erfiðleikum í ferðapjónustu tengdum eldgosinu í Eyjafjallajökli. Áframhaldandi fjölgun atvinnulausra í heilbrigðis- og fræðslugeiranum endurspeglar líklega niðurskurð á útgjöldum ríkis og sveitarfélaga. Hvað varðar versnandi ástand í menningartengdum greinum, íþróttar- og félagastarfsemi þá má vera að þar spili inn í að fólk sem starfar í þessum greinum á e.t.v. í mörgum tilvikum erfitt með að hefja eigin rekstur eða finna sambærileg störf í nágrannalöndunum.

FJÖLBREYTT NÁMSKEIÐ Í BOÐI

Nú er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að huga að eigin starfshæfni og endurmenntun.

- » NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
- » NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR
- » TÖLVUNÁMSKEIÐ
- » TÖLVUSTUDD HÖNNUN
- » HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
- » BÍLGREINASVIÐ
- » BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
- » MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
- » MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
- » PRENTTÆKNISVIÐ

SÍMENNTUN Í IÐNAÐI HAUSTIÐ 2010

Nýtt fræðsluár er nú að hefjast hjá IDUNNI fræðslusetri. Fjölbreytt úrval námskeiða eru í boði á öllum okkar fagsviðum auk úrvals almennra námskeiða. Við hvetjum alla til að kynna sér framboðið á heimasíðu okkar www.idan.is

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér framboðið á www.idan.is



NY OG
FJÖLBREYTT
NÁMSKEIÐ
Í BOÐI

IDAN fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumistöðva í iðnaði og ferðapjónustu vorið 2006. Um áramótin 2006/2007 bættist iðnan fræðslumistöð þalgreina í hópinu. Ígengdar IDUNNAR eru Samtök iðnaðarins, Samörs, MATVÍS, Félag bóka- og barnmanna, FIT, VM, BÍlgreinasambandið og Samtök ferðapjónustunnar.

Hlutverk IDUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bíl-, bygginga- og málmöngreinum, prentnaði og matvæla- og veitingagreinum.



IDAN
fræðslusetur

Skúlastún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - Fax 590 6401
idan@idan.is - www.idan.is



Iðnskólinn
í Hafnarfirði



SIBA

ÞAKRENNUKERFI
á öll hús – allsstaðar
Litir í úrvali



ICON™

Hin nýja ásýnd loftræstingar



Salerni og baðherbergi

Með áhrifaríkum fjölda elgínlaka eru ICON viftur tilvæklar til notkunar á salernum, baðherbergjum og íbúðum.



Eldhúsi og vinnurými

ICON hönnun hentar og fellur vel að hvaða gerð eða útliti eldhúsbúnaðar sem er og virkni hennar nýttast fullkomlega.



- Hljóðlát, stílhrein, nett og fyrferðalítil á vegg eða í loft
- Einstök blómiaga lokunarbúnaður, verndar innri búnað og loftræsir án óþægilegs hávaða.
- Þrjár gerðir sem skila: 21 lítra á sek., 32 lítrum á sek. og 72 lítrum á sek.
- Þolir raka og auðvelt að þrifa.
- Þriggja ára ábyrgð

AIRFLOW™

Sérfræðingar í loftræstitekní

BLIKKÁS – FUNI

Smíðjuvegi 74 – 200 Kópavogur – Sími : 515 8700 – www.funi.is – www.blikkas.is

Settu sjálfan þig í forgang - tryggðu öryggi fjölskyldunnar

Sjúkrasjóður tryggir 90% af heildarlaunum í veikindum og slysum

Styrkir til sjúkraþjálfunar, líkamsræktar, gleraugnakaupa ofl.

Öflug endurmenntun og fjölbreyttir fræðslustyrkir

30 glæsileg sumarhús víða um land

Hús á Flórída og íbúð á Spáni, tilboðsferðir til sólarlanda

Tilboð á hótलगistingu, útilegu- og veiðikortum



Öflugt stéttarfélag, aukin réttindi

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA

www.fit.is

2007-stemmning í Noregi

– segir Flóki Ingvarsson trésmiður sem brá sér í austurveg og hefur undanfarna mánuði unnið við að slá upp fyrir bílastæðahúsi í miðbæ Stafangurs

– Ætli það hafi ekki verið fyrst og fremst ævintýraþrá sem rak mig af stað. Auðvitað skipti máli ástandið hér á klakanum. Kunningjar mínir tveir voru á leiðinni til Stavanger og ég ákvað í skyndi að skella mér með, segir Flóki Ingvarsson trésmiður sem undanfarna mánuði hefur búið í Stafangri í Noregi og starfað þar við tré-smíðar.

Samiðnarblaðið hitti hann þegar hann var staddur hér á landi fyrir skömmu. Flóki segist hafa komið reglulega til Íslands enda eigi hann hér fjölskyldu.

– Þessu ævintýri mínu er nú senn að ljúka því ég er á heimleið af fjölskylduástæðum.

Ég hef verið þarna úti einn og til lengdar gengur það ekki, hvorki fyrir mig né fjölskyldu mína. Þeir hinir sem lögðu í þennan leiðangur með mér hafa fengið fjölskylduna til sín og það kæmi mér ekki á óvart að þeir ílentust í Noregi, segir Flóki sem er sáttur við að koma heim aftur.

– Ég er reynslunni ríkari. Það hefur verið gaman að kynnst því hvernig er að vinna erlendis. Ég er afar ánægður með Norðmennina. Þeir eru duglegir og það ríkir mikill agi í öllum þeirra vinnubrögðum. Maður tekur eftir því til dæmis að það er ekki farið í kaffi fyrir en kaffitíminn hefst og allir eru komnir aftur á sinn stað þegar honum lýkur. Það má ýmislegt læra af þeim, segir Flóki sem hefur ásamt kunningjum sínum starfað við að slá upp fyrir bílastæðahúsi fyrir tónlistarhús sem nú er að rísa við höfnina í Stafangri. Þeir starfa hjá fyrirtæki sem hefur um sjötíu manns í vinnu og stundar byggingarframkvæmdir í Stavanger og nærsveitum.

Aðspurður um aðbúnað á vinnustaðnum segir Flóki að hann sé til fyrirmyndar og að Norðmenn séu uppteknir af öllu sem snýr að vinnuvernd.

– Menn fá umsvifalaust gult spjald séu þeir eitthvað að slugsá í þeim málum, segir hann og nefnir sem dæmi að það sé álitid alvarlegt brot að fara hjálmlaus inn á byggingarsvæði. – Þetta er traust og gott fyrirtæki sem hefur vaxið hratt og örugglega, enda nóg að gera í Noregi, ástandið minnir mig nokkuð á árið 2007 hér heima, og er jafnvel verra. Ég get ekki betur séð en að skortur sé á fagmönnum á þessum slóðum. Allavega reyndist ekki erfitt að fá vinnu, segir Flóki. Og bætur við að yfirmenn hans geri allt til að halda í menn, og sýni því þannig mikinn skilning að hann taki sér frí öðruhverju til að skreppa heim.

Floki segist búa ásamt nokkrum vinnufélögum í íbúð á vegum fyrirtækisins. Hann segir að það sé í sjálfu sér ágætt en neitar því ekki að lífið sé nokkuð einmanalegt þarna handan hafnsins.



– Það er hægt að læra ýmislegt gott af Norðmönnum. Þeir eru duglegir og agaðir verkmenn, segir Flóki Ingvarsson trésmiður.

– Ég eyði miklum tíma í líkamsræktina. Maður er að verða að einu vöðvabúnti, segir Flóki og hlær, og segir að menn hafi lítið annað fyrir stafni í frítímanum. Það kemur fyrir að Íslendingarnir hittast og gera sér glaðan dag, en það er engin regla á því. Hann segist lítið umgangast Norðmenn utan vinnutíma.

– Norðmennirnir hafa tekið okkur vel og maður skynjar frændsemina, en það tekur tíma að kynnst þeim. Svo er það tungumálið. Ég er ekki sleipur í norsku. Maður getur bjargað sér ágætlega á enskunni en það er þrándur í götu að geta ekki átt samræður við gestgjafana á þeirra eigin tungumáli, segir Flóki. Hann er á hinn bóginn sáttur við afkomuna í Noregi.

– Við erum að fá ágætt kaup, 220 norskar krónur (4.100 ísl. kr.) á tímum. Þar að auki eigum við í vændum bónus sem ég veit ekki hver verður, en hann er háður afkomu fyrirtækisins. Svo kemur orlofsuppbót sem er ágæt. Af þessu er síðan greiddur 36% skattur. Ég kvarta ekki yfir þessu því að þessar norsku krónur endast vel á Íslandi, segir Flóki, en þykir verðlag hinsvegar hátt í Noregi.

– Ég held að Stavanger sé með dýrustu borgum í heimi. Maður lætur ekki mikið eftir sér. Vasarnir eru fljótir að tæmast ef maður skreppur út að borða eða að skemmta sér, segir Flóki en hvetur alla þá sem eru án atvinnu að leita fyrir sér í Noregi.

– Það er nóg að gera og víða vantar mannskap, en ég ráðlegg öllum sem hyggja á slík ævintýri að verða sér úti um vinnu áður en lagt er í hann, áréttar Flóki.

Endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað verður framlengd

Átak það sem hleypt var af stokkunum í fyrravor undir heitinu „Allir vinna“ hefur tekist framur vonum, skapað fjölmörgum iðnaðarmönnum vinnu og spornað gegn svartri atvinnustarfsemi. Verkefnið felst í því að endurgreiddur er allur virðisaukaskattur af vinnu á byggingarstað vegna íbúðar- og frístundahúsnæðis og fasteigna í eigu sveitarfélaga en áður voru endurgreidd 60 prósent af skattinum. Það hlýtur að teljast gleðilegt í því svartnætti sem ríkt hefur í efnahags- og atvinnumálum á „þessum síðustu og verstu tímum“.

Samtök iðnaðarins og Samiðn skrifuðu fjármálaráðherra sameiginlegt bréf fyrr í haust þar sem lýst er mikilli ánægju með verkefnið og eindregið farið fram á að gildistími endurgreiðsluheimildanna, sem átti að renna út um áramót, verði framlengdur.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra staðfestir í samtali við Samiðnarblaðið að til standi að gera það.

– Þetta var að okkar mati velheppnuð aðgerð og menn glöddust yfir því hvað mörg fyrirtæki tóku þátt í henni með því að auglýsa hana. Þetta var sömuleiðis gott dæmi um velheppnað samstarf stjórnvalda og fyrirtækja. Ég geri fastlega ráð fyrir því að þetta verði framlengt, í ljósi þess hvað þetta hefur heppnast vel og hversu mikil þörf var á því að fá þessa vinnu upp á yfirborðið, sem voru líka ein meginrökinn þegar 60%-endurgreiðslunni var komið á. Þetta er mjög virk aðferð við það og verkefnið verður kynnt duglega. Núna vantar atvinnu fyrir iðnaðarmenn og þá er einmitt tími til að fara í svona verk, segir fjármálaráðherra við Samiðnarblaðið.

Skattafsláttur bætist við verkefnið

Eftir áramót bætist við endurgreiðslu

vaskins nýtt ákvæði í tekjuskattslögunum sem heimilar fólki að draga frá tekjuskattstofni næstu tvö ár helming þeirrar fjárhæðar sem greidd er vegna viðhaldsvinnu á byggingarstað, allt að 200 þúsund krónum hjá einstaklingum og 300 þúsund krónum hjá hjónum. Þessi frádráttur er þó háður því skilyrði að staðin hafi verið skil á fullgildum reikningum og að atvinnuþátturinn sé ekki undir 50 þúsund krónum. Þetta gildir þó ekki um vinnu við nýbyggingar.

Ráðist var í auknar endurgreiðslur á virðisaukaskatti að frumkvæði fjármálaráðherra og var tilgangurinn beinlínis að leitast við að hamla gegn þeim gríðarlega samdrætti á byggingarmarkaði sem fylgdi bankahruninu haustið 2008, og skapa vinnu hjá iðnaðarmönnum. Endurgreiðslurnar ná til vinnu á byggingarstað, við íbúðar- og frístundahúsnæði, við nýbyggingar og einnig við endurbætur og viðhald eldra húsnæðis og þjónustu, svo sem vegna hönnunar eða eftirlits. Þó fæst skatturinn ekki endurgreiddur af vélavinnu.

Markmiðið var einnig að vinna gegn nóttalausum viðskiptum, hinni svokölluðu „svörtu vinnu“ á þeirri forsendu að það sé allra hagur, ekki síst iðnaðarmanna, að fólki sé bent á kosti þess að hafa „allt uppi

á borðinu“. Það ætti að leiða til þess að fleiri ákveða að fara út í framkvæmdir, fleiri iðnaðarmenn fái þar af leiðandi vinnu, sem skilar skatttekjum í ríkissjóð, og færri þurfi að þiggja atvinnuleysisbætur.

Þegar verkefnið hófst, vorið 2009, brugðust byggingarvöruverslanir vel við og auglýstu það duglega til þess að hvetja fólk til að fara út í framkvæmdir. Það skilaði sér vitanlega einnig til verslananna í auknum viðskiptum, sem kom sér vel á erfiðum tímum þegar botninn var dottinn úr þeirri miklu framkvæmdaöldu sem reið yfir byggingamarkaðinn síðustu árin fyrir hrun. Þannig að þegar á allt er litið hefur verkefnið Allir vinna borið þann árangur sem að var stefnt.

Tvöföldun viðhaldsverka

– Eftir að byrjað var að auglýsa þetta, í mars 2009, varð álagið hjá Ríkisskattstjóra talsvert við að afgangur umsóknir því þeim fjölgaði fljótlega. Á árinu 2009 komu rúmlega tólf þúsund umsóknir um endurgreiðslu vegna viðhalds og endurbóta, sem var tvöföldun frá árinu á undan. Í októberlok í ár voru umsóknirnar orðnar ríflega 6.500 og miðað við fyrri reynslu má ætla að sú tala tvöfaldist fyrir árslok því allmargar umsóknir eru í pípunum, segir Sæmundur Guðmundsson,



Stéttarfélag Vesturlands



Félag hársnyrtisveina

WWW.KLIIPP.IS



sem hefur umsjón með þessum málum hjá Ríkisskattstjóra.

Endurgreiðslum vegna nýbygginga fækkaði hins vegar 2009 frá því sem verið hafði 2008, eða úr tæplega 2.300 í rúmlega 2.000 og í októberlok voru umsóknir um endurgreiðslu einungis 705. Heildarfjárhæð endurgreiðslna hefur einnig lækkað nokkuð, hún nam rúmlega 10,6 milljörðum króna í fyrra en var ríflega 12 milljarðar 2008. Í lok október var fjárhæð endurgreiðslna komin í rúmlega 2,7 milljarða.

– Þetta hefur heppnast vel að því leyti að mun fleiri hafa lagt út í minniháttar

viðhaldsverkefni en áður, allt niður í að skipta um svalahurð. Þá má búast við að umsóknum fjölgi vegna nýs ákvæðis í lögum um tekjuskatt, sem tóku gildi í sumar. Það þarf að sækja um skattafsláttinn jafnhliða umsókn um endurgreiðslu á virðisaukaskattinum, en þá er hann skráður beint inn á skattframtal, segir Sæmundur.

Í bréfinu sem Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, og Finnbjörn Á. Hermannsson, formaður Samiðnar, sendu sameiginlega til fjármálaráðherra benda þeir meðal annars á að smærri endurbætur virðist hafa skilað

sér í auknum mæli í „hvíta hagkerfið“ og minna á að um þessar mundir séu aðilar vinnumarkaðarins að innleiða vinnustaðaskírteini, sem eiga að nýtast í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi, svindli á atvinnuleysisbótum og undanskotum frá greiðslu opinberra gjalda. Þeir telja að einnig af þeirri ástæðu sé brýnt að 100% endurgreiðsla virðisaukaskatts verði framlengd.

Þá benda þeir Orri og Finnbjörn á að kynning á verkefninu hafi tekist vel og framkvæmd endurgreiðslna „verið fumlaua og gengið vel fyrir sig,“ eins og komist er að orði í bréfinu. Þeir telja að upplýsingaefni hafi verið með ágætum og umsóknarferlið sjálft ekki flóknara en svo að fólk sæki líka um endurgreiðslu vegna smáverka, sem sé mjög mikilvægt í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi. Þeir vekja jafnframt athygli á því að í ýmiss konar jaðartilvikum megi betur fara og lýsa samtök sín reiðubúin að aðstoða ráðuneytið við að „sníða af þá örfáu vankanta sem eru á núverandi fyrirkomulagi og gildissviði“.



- Stéttarfélag fagfólks
í byggingaiðnaði



- BYGGIR Á TRAUSTUM GRUNNI



Borgartún 30
105 Reykjavík

Skipagata 14
600 Akureyri

Sími: 535-6000
Fax: 535-6020

fagfelagid@fagfelagid.is
www.fagfelagid.is

Græn hugsun í hársnyrtingu

Félag hársnyrtisveina hefur um árabíl bent félagsmönnum sínum sem og öðrum sem starfa við hársnyrtingu á nauðsyn þess að umgangast þau efni sem notuð eru á hársnyrtistofum með varúð.

„Eitt af helstu baráttumálum okkar undafarin ár hefur verið að kynna græna hugsun fyrir félagsmönnum og öðrum sem starfa við hársnyrtingu. Græn hugsun snýst um það að taka af markaðnum hættuleg efni sem notast er við á hársnyrtistofum og skipta þeim út fyrir hættuminni efni,“ segir Súsanna Vilhjálmsdóttir formaður Félags hársnyrtisveina í spjalli við Samiðnarblaðið en félagið hefur að undanfögnu tekið þátt í evrópsku samstarfi sem miðar að því að bættu starfs- umhverfi hársnyrtisveina og gera þeim kleift að starfa lengur við fag sitt.

„Starfsaldur sveina í hársnyrtingum er að meðaltali aðeins níu ár. Ástæður þess að sveinar endast ekki lengur í starfi er fyrst og fremst að finna í þeim efnunum sem þeir vinna með, auk stoðkerfisvandamála,“ segir Súsanna og bætir við að ofnæmi geri oft vart við sig strax á fyrsta ári hjá hársnyrtinemum.

„Eftir því sem fólk vinnur lengur með þessi efni, þeim um alvarlegri verða viðbrögð líkamans. Þannig sýna kannanir sem gerðar hafa verið í Danmörku að hársnyrtisveinar þar í landi eiga margir hverjir við alvarleg ofnæmisvandamál að stríða. Það hafa ekki farið fram neinar samþærilegar rannsóknir hér á landi. Okkur er samt kunnugt um að margir af félagsmönnum okkar stríða við sambærileg vandamál,“ segir Súsanna sem bætir því við að Danir sé komnir lengst í baráttu sinni fyrir því að fá í gegn bann við hættulegum efnunum í hársnyrtivörum. „Þar á bæ er rætt um tug efna sem er að finna í hársnyrtivörum og sérfræðingar telja hættuleg. Danir og Svíar

sem eru aðilar að Evrópusambandinu hafa tekið þessi mál upp á þeim vettvangi og það er von okkar að sambandið muni innan tíðar bregast við,“ segir Súsanna og bendir á að framleiðendur berjist með kafti og klóm gegn öllum tilraunum til að takmarka möguleika þeirra á að notast við hættuleg efni í hársnyrtivörum.

„Þetta snýst ekki bara um hársnyrtiefnin heldur einnig nánast allar snyrtivörur, svo sem ilmvötn og krem alls konar. Næstum allar þessar vörur innihalda kemísk efni sem eru hættuleg öllum þeim sem meðhöndla þau í störfum sínum,“ segir Súsanna og bendir á að með aukinni þekkingu á þessum efnunum og þeim afleiðingum sem notkun þeirra hefur í för með sér, hafi augu fagfólks jafnt sem ráðamanna opnast fyrir því að nauðsynlegt er að vinna gegn skaðlegum áhrifum þessara efna á þá sem með þau vinna.

„Danir hafa nýverið sett í reglugerð ákvæði um hvers konar einnota hanska hársnyrtisveinar eigi að nota í iðnnámi þar í landi. Hér hafa menn því miður ekki viljað taka upp slíka reglu og mér sýnist því miður þróunin vera í öfuga átt, þar sem skólarnir hér eru að spara, meðal annars með því að kaupa inn ódyrari einnota hanska sem ekki standast danskar kröfur,“ segir Súsanna og bætir því við að nú sé beðið eftir að Alþingi samþykki ný lög um atvinnusjúkdóma. Hún gerir sér vonir um að tekið verði á þessum málum þar.

„Um leið og þessi lög fara í gegnum þingið munum við hjá félaginu gefa út bók sem samband norrænna hársnyrtisveina hefur látið taka saman um þessi mál en við



Súsanna Vilhjálmsdóttir með verðlaunagrip sem Félag hársnyrtisveina fékk fyrir evrópskt Leonardo-verkefni.

viljum hafa nýju lögin með. Það eykur á gildi hennar að okkar mati,“ segir Súsanna.

Hún er nýkomin heim frá Brussel þar sem hún tók þátt í 15 ára afmælishátíð Leonardo starfsmenntaáætlunarinnar, en Félag hársnyrtisveina hefur tekið þátt í starfi Leonardo og hefur verkefni þeirra tvívegis hlotið viðurkenningar, nú síðast var verkefnið Umhverfisvæn hugsun í hársnyrtið valið sem fyrirmyndarverkefni (best practice) af Leonardo skrifstofunni á Íslandi.

„Við erum afar stolt hjá sveinafélaginu að hafa hlotið þessar viðurkenningar hjá Leonardo og hlökkum til að starfa áfram með þeim í framtíðinni,“ segir Súsanna sem bætir því við að samhliða afmælishátíðinni hafi verið haldin ráðstefna þar sem félagið kynnti verkefnið sitt.





620 ný ársverk í Straumsvík

Á næstu árum mun Rio Tinto Alcan fjárfesta fyrir 57 milljarða króna í álverinu í Straumsvík.

Ráðist verður í tvö stór verkefni. Straumhækkun mun auka afköst kerskálanna og skapa 360 ný störf þegar framkvæmdir standa sem hæst á næsta ári. Breytingar á steypuskála auka verðmæti framleiðslunnar og skapa um 150 ný störf árið 2011.

Samanlagt kalla þessi verkefni á 620 ný ársverk á Íslandi.

Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður

Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is

Rio Tinto Alcan

Ertu með vinnustaða- skírteini upp á vasann?

Starfsmönnum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð ber nú skylda til að bera á sér vinnustaðaskírteini sem atvinnurekendur eiga að sjá þeim fyrir. Auðveldar allt vinnustaðaeftirlit, segja eftirlitsfulltrúar. Gamalt baráttumál Samiðnar í höfn

– Tilkoma vinnustaðaskírteina auðveldar okkur allt vinnustaðaeftirlit. Það hefur verið baráttumál Samiðnar í áraraðir að tekin væru upp vinnustaðaskírteini í byggingariðnaði hér á landi, segir Hermann Guðmundsson starfsmaður Félags iðn- og tæknigreina (FIT) þegar Samiðnarblaðið slóst nýverið í för með honum og öðrum eftirlitsmönnum í vinnustaðaeftirlit. Vilhjálmur Sveinsson frá Fagfélaginu segir að innleiðing skírteina hafa gengið vel. – Menn taka þessu almennt vel. Stærri fyrirtækin virðast öll hafa séð starfsmönnum sínum fyrir skírteini, en enn vantar uppá að nokkrir minni verktakar sinni þessari skyldu sinni, segir Vilhjálmur.

Í baráttu sinni fyrir því að tekin yrðu upp vinnustaðaskírteini hér á landi lagði Samiðn áherslu á að með tilkomu þeirra yrði allt eftirlit með atvinnurekendum og starfsmönnum þeirra markvissara. Tilkoma skírteinnanna á að auðvela þeim sem stunda eftirlit á vinnustöðum að kanna hvort fyrirtæki fara að gildandi lögum og kjarasamningum, og þau gefa að sögn Vilhjálms tækifæri til þess að skoða hvort launafólk nýtur þeirra kjara og réttinda sem því ber samkvæmt samningum. Vinnustaðaskírteinin eiga að nýtast í



Hermann Guðmundsson og Ólafur S. Magnússon eftirlitsmenn í vinnustaðaheimsókn þar sem þeir skoða meðal annars vinnustaðaskírteini.

baráttunni við svarta atvinnustarfsemi, og þau gagnast líka heiðarlegum fyrirtækjum í samkeppni við verktaka sem notast við ódýrt ófaglært vinnuafli og stunda í skjóli þess undirboð á markaðnum.

– Við höfum í nokkur ár stundað vinnu-

staðaeftirlit og teljum enga vanþörf á því. Það hefur sýnt sig að pottur er víða brotinn í réttindamálum þeirra sem starfa við byggingariðnað og mannvirkjagerð þótt ástandið sé vissulega ekki eins slæmt og þegar uppsveiflan stóð sem hæst, segir Vilhjálmur.

– Við verðum mun minna varir við það núna



Vinnustaðaskírteini

Vinnustaðaskírteini er svipað á stærð og greiðslukort, og eru á því upplýsingar um starfsmanninn og fyrirtækið sem hann vinnur hjá. Á skírteininu á að koma fram nafn og kennitala viðkomandi starfsmanns ásamt mynd, og miklivægt að hafa starfsheiti starfsmannsins. Þar á einnig að vera heiti atvinnurekanda eins og það er skráð í fyrirtækjaskrá eða heiti starfsmannaleigu eins og það er skráð hjá Vinnuálagstofnun.



Stéttarfélagin á höfuðborgarsvæðinu hafa með sér samvinnu um vinnustaðaeftirlit. Hér eru þeir Vilhjálmur Sveinsson frá Fagfélaginu og Sigurður Steinarsson frá Rafiðnaðarsambandinu í eftirlitsferð.

að ófaglærðir séu að ganga í störf sem krefjast fagmenntunar. Því miður er þó ennþá nokkuð um það til dæmis að menn séu að stunda smíðar án þess að hafa til þess réttindi. Oft er um að ræða menn sem hafa byrjað í námi en ekki lokið því, segir hann og bætir við að í þeim tilfellum afhendi hann mönnum bækling frá Iðu, Bættu um betur, þar sem þeir sem ekki hafa lokið námi geta náð í upplýsingar um hvernig það má gera.

– Atvinnurekendur sem hafa orðið uppvísir að því að notast við ófaglært vinnuafli hafa yfirlit tekið ábendingum okkar vel og dæmi eru um að þeir hafi komið með lista yfir menn og spurst fyrir um hvort þeir séu í lagi, segir Vilhjálmur.

Samkvæmt samkomulagi ASÍ og Samtaka atvinnulífsins eru eftirlitmönnum heimilt að mætta á vinnustaði þegar þeim sýnist.

– Við förum að öllu jöfnu í eina eftirlitsferð á viku. Hér á höfuðborgarsvæðinu fara saman fulltrúar FIT, Fagfélagsins, Rafiðnaðarsambandsins og Eflingar. Milli okkar er gott samstarf. Við skráum alla starfsmenn á hverjum vinnustað og þær upplýsingar sem við söfnum eru geymdar í gagnagrunni sem opinberra aðila, svo sem skattfyrvalda, Vinnuálastofnunar og Tryggingastofnunar, hafa aðgang að. Þannig getur til dæmis Vinnuálastofnun keyrt sínar skrá yfir þá sem fá greiddar atvinnuleysisbætur saman við okkar upplýsingar, segir Hermann og bætir við að eftir að vinnustaðaskírteinin voru tekin í notkun hafi komist upp um menn sem þáðu atvinnuleysisbætur þótt þeir væru í fullri vinnu.

Þeir félagar eru sannfærðir um að vinnustaðaskírteini eigi eftir að sanna tilverurétt sinn. Fyrst í stað eru skírteinin bara skylda í byggingariðnaði og á hótélum og veitingahúsum, en Hermann er sannfærður um að þau verði tekin upp í öðrum starfsgreinum.

– Ég nefni málmíðnaðinn sem dæmi. Þar er engin vanþörf á að taka upp víðlíka eftirlit, segir Hermann sem telur að innan örfárra ára verði starfsmannaskírteini að finna í vasa flestra launamanna á Íslandi.

FASTUS

BRAVILOR
BONAMAT

Betra kaffi!

Kaffivél með hitabrúsa

Tekur aðeins 7 mínútur
að hella upp á 2,2 lítra
af kaffi.



Fastus ehf. | S: 580 3900 | www.fastus.is

MIÐVIKUDAGUR á Sauðárkróki

Rigningin kom ekki að ofan heldur lárétt af hafi. Norðan hvasuviðri sá til þess. Þeir fáu sem voru á ferli skutust milli húsa með hausinn undir. Sauðárkókur var hertekinn af norðanbrælu, sem Sauðkræklingar sögðust enga ábyrgð bera á – enda hefði verið frábært veður daginn áður og yrði það örugglega aftur á morgun. Tíðindamaður Samiðnarblaðsins bölvaði í hljóði yfir því að hafa ekki komið í gær. Þrátt fyrir 20 metra á sekúndu og ómelda rigningu lét hann sig hafa það að þvælast milli staða og taka hús á nokkrum heimamönnum til að fræðast um stöðu mála á Króknum, miðvikudag einn í september.

Fyrsti áfangastaðurinn var Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra.

Jóhann Ingólfsson verkefnisstjóri bauð kaffibolla og hafi orð á því að lífið gengi sinn vanangang á Króknum þótt veðrið væri ekki upp á það besta. Hann upplýsti að Farskólinn væri sjálfseignarstofnun sem sveitarfélög, stéttarfélög, fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi vestra hafa komið á laggirnar.

– Markmið okkar er að efla endur- og símenntun á svæðinu, og gefa íbúunum kost á að stunda nám í sinni heimabyggð, segir Jóhann og bætir við að skólinn bjóði fjöldann allan af námskeiðum en sé síðast en ekki síst miðstöð fyrir þá sem stunda fjarnám við aðra skóla, og nefnir sérstaklega samstarf þeirra við Háskólann á Akureyri í því sambandi.

Skólinn er vel búinn fjarbúnaðartækjum og nemendur sem stunda nám við aðra skóla geta setið á Sauðárkróki og fylgst með fyrirlestrum þaðan.

– Auk háskólanema og annarra sækja hingað iðnaðarmenn sem ekki hafa lokið

sveinsprófi. Við bjóðum upp á bóklegt nám fyrir þann hóp hér í samvinnu við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Hér hafa nokkuð margir hörkukarlar svitnað rækilega í prófum – með góðum árangri, segir Jóhann og er sannfærður um að tilkoma Farskólans hafi auðgað mannlífið á Norðurlandi vestra heilmikið.

– Það er auðvitað kostur fyrir íbúana sem vilja auka við þekkingu sína að geta sótt námið í heimabyggð. Þegar maður bara horfir til þess fjölda iðnaðarmanna sem hingað hefur leitað er ekki nokkur vafi á að skólinn á fullan tilverurétt. Margir þessara manna hefðu vafalaust ekki lokið sveinsprófinu ef þeir hefðu þurft að sækja námið út fyrir sína heimabyggð, segir Jóhann sem kann vel sig við hjá Farskólanum. Þar sé lifandi og skemmtilegur vinnustaður og eitt hvað nýtt að gerast á hverjum degi. Ekki sé minnst um vert, segir hann, að sjá hvað fólk sé áhugasamt um að bæta við sig þekkingu og geri það af mikill ánægju.

Kaffið er orðið kalt og Jóhann þarf að

sinna nemanda við að komast í tölvusamband, þannig að við lukum samtalinu. Kominn tími til að heimsækja næsta áfangastað.

Fjölbautaskóli Norðurlands vestra

Fjölbautaskólinn á Sauðárkróki er fjölmennasti vinnustaðurinn á Króknum. Þar stunda um 500 nemendur nám og við skólann starfa um 50 manns. Nú í haust var tekin í notkun ný viðbygging sem á að hýsa verknám skólans.

– Við erum að ljúka hér við innansleikjurnar, segja málarnir Víðir Snær og Vignir Stefánsson, sem fyrstir urðu á vegi tíðindamanns blaðsins í skólanum. – Þetta tekur allt sinn tíma, oft mun lengri en gert er ráð fyrir í byrjun, segir Víðir og sér ekki fram á önnur verkefni nú þegar vinna klárast við skólann. Vignir segir að sumarið hafi verið ágætt og verkefni næg, en nú sé útlitið svart. Ætli maður verði ekki að koma sér úr landi til að fá eitthvað að gera, bætir Vignir við, en hann hefur nokkra reynslu af því að búa í Danmörku. Hann segir að þar sé ágætt að vera en reyndar sé ekki mikið af atvinnutækifærum þar á slóðum um þessar mundir. Málningin má ekki þorna í penslunum svo frekara samtal var slegið af og leit hófst að kennara sem gæti upplýst um gang mála hjá Fjölbautaskólanum.

Tréiðnaðardeild

Í húsnaði tréiðnaðardeildarinnar er Atli Már Óskarsson fagstjóri. Hann var umsvifalaust króaður af og spurður um stöðu tréiðnaðarnáms í Skagafirðinum.

Atli Már sagði að aðsóknin væri góð og



Atli Már Óskarsson fagstjóri tréiðnaðardeildar Fjölbautaskóla Norðurlands vestra.



Málaramir Viðir Snær og Vignir Stefánsson.



Jóhann Ingólfsson verkefnisstjóri hjá Farskólanum.

nemendur kæmu víða að, þó aðallega af Norðurlandi.

– Hér stunda nú 48 nemendur hefbundið tréiðnaðarnám en við bjóðum jafnframt nám fyrir 20 ára og eldri sem hafa verið að vinna við fagið en ekki lokið sveinsprófi. Þessi hópur mætir hér um helgar og leggur stund á nám í faglegum greinum, en sækir bóklega námið í Farskólann.

– Við erum að taka hér í notkun nýtt og betra húsnæði sem skapar nemendum og

okkur kennurunum sem hér störfum mun betri starfsskilyrði, segir Atli sem er hæstánægður með nýju aðstöðuna. Hann bætir við að tréiðnaðardeildin sé ágætlega búin tækjum. – Við höfum notið velvilja ýmissa, svo sem Iðnaðarmannafélags Skagafjarðar sem hefur fært okkur gjafir af og til. Nú síðast færði félagið skólanum að gjöf nýja bútasög af gerðinni Dewalt, sem verður notuð í tréiðnaðardeild skólans. Auk þess mættu þeir með nýtt uppmerkiborð

sem notað verður við kennslu í málmiðna-deild skólans.

Auk hefbundins tréiðnaðarnáms segir Atli að skólinn taki þátt í samstarfi Ferðamálabrautar Háskólans á Hólum og Byggðasafns Skagafjarðar á Sauðárkróki um svokallaðan Fornverkaskóla. Hugmyndin með honum er að gefa mönnum kost á að læra handverk fyrir tíma. – Þetta hefur slegið í gegn og þátttaka á þessum námskeiðum hefur verið gríðarlega góð, segir Atli og segir mikinn feng fyrir skólann að fá að taka þátt í þessu samstarfi. – Við höfum meðal annars haft það verkefni að gera upp húsa-kost á Tyrfingsstöðum í Skagafirði. Þar hafa menn fengið tækifæri til að stunda viðgerðir eins og á árum áður, segir Atli Már sem hefur verið fagstjóri tréiðnaðardeildarinnar í 12 ár eða frá því verkleg kennsla hófst við skólann.

Blikksmiðir að sunnan eru að störfum við loftræstikerfi tréiðnaðardeildarinnar, og kalla nú á Atla. Þeir þurfa að ráðfæra sig við hann um framhald sinna verka.

Stefnan tekin á Trésmiðjuna Borg

Veðrinu hefur slotað, svo tíðindamaður ákveður að setja undir sig hausinn og tekur stefnuna á Trésmiðjuna Borg sem er gamalt og gróið fyrirtæki og hefur verið starfrækt á Sauðárkróki um árabíl.

Kaffið sem Björgvin Sveinsson trésmiður býður upp á er vel þegið, því ekki veitir af að fá smáhressingu eftir hlaupin.

Björgvin er einn af 18 starfsmönnum sem vinna hjá Trésmiðjunni. Hann er jafnframt formaður Iðnsveinafélags Skagafjarðar



Björgvin Sveinsson formaður Iðnsveinafélags Skagafjarðar.

og því öllum hnútum kunnugur um hag þess hóps í Skagafirði.

Fyrst berst talið að vinnustaðnum. Björgvin segir að reksturinn gangi ágætlega. Verkefnin snúast að mestu um framleiðslu á innréttingum og annarri sérsmíði, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Verkefnin eru fjölbreytt, allslags hurðir, fataskápar, eldhúsinnréttingar og margt fleira.

– Hér starfa miklir fagmenn með metnað sem hefur fleytt fyrirtækinu langt. Við höfum komið nærri mörgum finum verkum, svo sem í Ráðhúsinu í Reykjavík, smíðað innréttingar fyrir Hæstarétt og í Orkuveituhúsinu, svo fáein verk séu nefnd. Samdrátturinn á byggingarmarkaðnum hefur vissulega komið niður á okkur. En við höfum haldið sjó. Hér á Sauðárkróki var ráðist í tvær stórar framkvæmdir sem við komum að. Annars vegar er nýlökkið byggingu nýs leikskóla og hins vegar byggði Kaupfélagið hér myndarlegt hús sem hýsir hluta af starfsemi þess. Þessi tvö stóru verk hafa orðið til þess að hér hafa menn haft næg verkefni, auk tilfallandi starfa. Nú sýnisk okkur að eitthvað sé að fara af stað. Við fáum allavega fleiri óskir um að bjóða í verk en áður, segir Björgvin. Hann er sáttur við tilveruna á Króknum.

– Hér er atvinnuástand gott og það sama má segja um mannlífið. Hið svokallaða góðæri fór framhá okkur og við vonum að kreppan geri það líka að mestu leyti. Vissulega finnur fólk fyrir minnkandi kaupmætti, eftir fall krónunnar og minnkandi vinnu, en hér var lítið um að fólk hafi offjórffest þannig að það er yfirleitt betur í stakk búið til að takast á við vandamálin, segir Björgvin sem hefur um nokkurt skeið gegnt formennsku í Iðnsveinafélagi Skagafjarðar.

Formannsstóllinn

– Ég hef setið í stjórn félagsins í 15 ár. Tók að mér að setjast í stól formanns á síðasta aðalfundi, þegar Páll Sighvatsson ákvað að yfir-



Unnar Bjarki Egilsson, vélvirki hjá Vélsmíðju Kaupfélags Skagafirðinga tók á því við einn rennibekkinn.

gefa hann. Ég hef sagt félögum mínum að ég ætli mér bara að sitja í eitt ár, segir Björgvin og hlær. Í Iðnsveinafélaginu eru 100 félagsmenn, þar af 85 virkir úti á vinnumarkaðnum.

– Félagssvæðið okkar er Sauðárkrókur og nærsveitir. Í félaginu eru iðnsveinar í flestum iðngreinum nema rafíðnaði. Við erum svona krúttfélag eins og formaður Samiðnar kallar okkur. Við erum ekki með skrifstofu, segir Björgvin sem tekur fram að hann gangi með síma félagsins á sér og svari öllum fyrirspurnum sjálfur og hann bætir við að gott samstarf sé milli stéttarféлага á svæðinu og má þar nefna sameiginlegt eignarhald á tveimur íbúðum í Reykjavík og skrifstofuhúsnæði á Króknum.

– Við erum með heimasíðu sem hefur létt mikið álagið á formanninn. Þar geta félagsmenn fengið allar upplýsingar, sótt um orlofshús, fræðst um réttindi sín í sjúkra-

sjóðnum, leitað eftir upplýsingum um endurmenntun og fleira, segir Björgvin sem er ánægður með þessa þróun.

– Við erum bjartsýn hér á Sauðárkróki þrátt fyrir allt. Hér hefur fólk fjölgað og sveitarfélagið er ágætlega rekið. Við vonum náttúrliga eins og allir landsmenn að landið taki að rísa að nýju og að hjól atvinnulífsins á landsvísu fari að snúast hraðar en nú er. Það kemur okkur til góða hér á Króknum sem og annars staðar, segir Björgvin og býður tíðindamanni að skoða trésmíðjuna Borg sem hefur verið vinnustaður hans í árararðir.

Trésmíðjan Borg iðar af framkvæmdagleði, hurðir lakkaðar í partilgerðri vél, sem Björgvin segir að sé mikill galdragripur. Innréttingar í fataherbergi í Vesturbæ Reykjavíkur er verið að gera klárar til flutnings suður. Hurðakarmar fyrir fjölbýlishús í höfuðborginni er eitt af verkefnum dagsins. Það var nóg að sýsla þennan dag í

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta


Heildarlausnir

Frá hugmynd
að fullunnu verki



≡ HÉÐINN ≡

Stórá 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is




EKKI DÆLA
PENINGUM
ÚT Í LOFTID!

ÞAKULL
Steinullarplátur með dífestri vindvörn

220 mm

BREYTTAR KRÖFUR
NÝ ÞYKKT!

220 mm



Gildistaka ÍST 66:2008 og breyting á byggingarreglugerð frá 7. okt 2008, þar sem krafist er að útreikningur U-gilda byggingarluta skal gerður í samræmi við ÍST EN ISO 6946 og ÍST 66, krefst aukinnar einangrunar í byggingarluta.

Fyrir uppgafið hönnunargildi á þakull (þéttull) frá Steinull hf sem er $0,037 \text{ W}/(\text{m}^2\text{K})$ og fyrir dæmigert létt þak, einangrað milli sperra er nauðsynleg einangrunarþykkt á milli sperra 220 mm af þakull (þéttull), sem gefur U-gildi $0,19 \text{ W}/(\text{m}^2\text{K})$.

SKOÐID NÝJA
ÞAKULLARBÆKLINGINN Á
WWW.STEINULL.IS



STEINULL HF

Sauðárkróki • Sími 455 3000 • steinull@steinull.is • www.steinull.is

Söluskrifstofa og ráðgjafabjónusta Nethyl 2 C • Sími 567 4716 • Gsm 862 6342



Kjarninn, ný þjónustumiðstöð Kaupfélags Skagfirðinga.

Trésmiðjunni Borg og ekki rétt að tefja þar lengur, enda komið að hádegi og menn farnir að finna fyrir hungri.

Þjörgvin sér aumur á tíðindamanni og krefst þess að fá að aka honum áleiðis í átt að miðbænum, enda ennþá norðanþræsingur með töluverðri úrkomu.

Hádegisverður

Á Sauðárkróki er veitingastaður sem aðkomumenn og heimamenn sækja gjarna í hádeginu. Í Ólafshúsi sitja til borð blikkarar, lögmenn, opinberir eftirlitsmenn og ferðalangar, auk ungmenna sem gæða sér þar á pitsum eða hamburgurum.

Flestir sækja í hádegisverðarhlaðborðið, sem er þeim Ólafshúsmönnum og konum til mikils sóma. Tíðindamaður tekur eftir því að flestir matargestirnir apa hver eftir öðrum og biðja um nótu þegar þeir gera upp. Greinilegt að hér snæða þeir sem geta dregið máltíðina frá skatti.

Með þá staðreynd í huga, vel mettur og með nótu upp á vasann er ferðinni heitið að Kjarnanum en svo heitir ný þjónustumiðstöð Kaupfélags Skagafjarðar sem tekin var í notkun í sumar. Vígslan fór fram í apríl á 120 ára afmæli kaupfélagsins.

Kjarninn

Marteinn Jónsson, framkvæmdastjóri þjónustusviðs kaupfélagsins, segir að síðast þegar manntal var gert í Kjarnanum hafi verið þar við störf rúmlega áttatíu manns.

Húsið var byggt við gamla vélaverkstæðið og er þar auk verkstæðisins rekið alhliða bifvélaverkstæði sem annast við-



Marteinn Jónsson, framkvæmdastjóri þjónustusviðs Kaupfélagsins Skagfirðinga.

gerðir á fólksbifreiðum og vörubílum og þar er einnig fullkomin bílaréttinga- og sprautu-aðstaða. Á bílaverkstæði eru starfsmenn 26.

– Það má segja að við séum nú fyrst orðnir sjálfbærir í öllum okkar bílavíðgerðum. Hér er einnig dekkjaverkstæði þannig að nú þurfa Skagfirðingar ekkert að fara annað þegar kemur að því að gera við bílinn, hvort sem hann er stór eða smár, segir Marteinn og bætir við að nóg sé að gera á verkstæðinu, og að verkefni komi víðar að, frá Siglufirði og einnig úr Húnavatnssýslum.

Marteinn segir næg verkefni hjá vélaverkstæðinu.

– Við erum hér með hefðbundið vélaverkstæði sem þjónustar bæði sjávarútveginn og landbúnaðinn hér á svæðinu, en að

auki eru afurðastöðvar á Sauðárkróki stórir viðskipavinir. Marteinn segir að það starfi um 20 karlar á vélaverkstæðinu.

Auk áðurnefndrar starfsemi eru til húsa í Kjarnanum tvö dótturfyrirtæki kaupfélagsins, rafmagnsfyrirtækið Tengill ehf. og tölvufyrirtækið Fjölnet sem sérhæfir sig í að hýsa tölvugögn.

– Hér er einnig verslun sem höndlar með varahluti og ýmsan annan varning sem tengist starfseminni hér, svo sem rafmagnstæki og tölvubúnað, segir Marteinn sem er hæstánægður með nýju bygginguna sem hann segir að hafi verið hönnuð með það fyrir augum að starfsmönnum og viðskiptavinum liði vel á staðnum.

– Við setjum okkur það sem markmið að bjóða starfsmönnum okkar gott starfsumhverfi. Hér er stórt mótuneyti og öll aðstaða starfsmanna eins og hún gerist best. Við hönnun hússins var ákveðið að þótt starfsmenn ynnu við misþrífaleg störf skyldu þeir fá eins gott starfsumhverfi og til dæmis bankamenn búa við, segir Marteinn sem er stoltur af hinu nýja 4.400 fermetra húsi. Það sé góður vinnustaður.

Eftir skoðunarferð um húsið er óhætt að taka undir með Marteini. Kjarninn er flott hús sem sniðið hefur verið að þörfum þeirra sem þar starfa og eiga þangað erindi, og er ekki annað hægt en að óska Skagfirðingum til hamingju með þessa nýju þjónustumiðstöð.


Með þá ósk í hug hverfur tíðindamaður Samiðnarblaðsins á braut og vonar að næst þegar hann sækir Skagafjörð heim liggi betur á veðurguðunum sem að þessu sinni komu í veg fyrir að hann gæti heimsótt helsta djásn Skagafjarðar, Drangey.

Ferðapjónustan
Bakkafliöt,
560 Varmahlíð
www.riverrafting.is


Kaupfélag
Skagfirðinga
Vélaverkstæði

Stoð ehf.,
Aðalgötu 21,
Sauðárkróki





Íslensk hönnun og íslenskar vörur fyrir sælureitinn þinn

- hellur, steinar, blómaker og fjölmargt
annað sem skreytir umhverfið

Heimsókn í Fornalund kveikir ótal nýjar hugmyndir.
Sérfræðingar okkar í Fornalundi aðstoða þig við að
breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Íslensk hönnun, íslenskt hráefni, íslensk framleiðsla, íslensk gæði!



Pantaðu ókeypis
landslagsráðgjöf
í síma 412 5050
Nánari upplýsingar
á bmvalla.is

Trésmiðurinn í Básum



Reynir Þór Sigurðsson hefur starfað undanfarin haust sem staðarhaldari í Básum í Goðalandi. Þar unir hann sér vel og hvetur menn til að leita nýrra tækifæra missi þeir vinnuna eins og hann

– Það var nú eiginlega tilviljun að ég lenti hér. Ég missti atvinnuna eins og fleiri þegar hrunið skall á okkar, og þá bauðst mér að sinna skálavarðarstöðu í Básum í nokkrar vikur. Ég sló til og sé ekki eftir því, segir Reynir Þór Sigurðsson trésmiður sem undanfarin haust hefur kvatt ys og þys borgarlífsins og horfið á vit náttúrufergurðarinnar í Goðalandi.

– Hér getur manni ekki annað en liðið vel. Það eru forréttindi fyrir mann eins og mig sem hefur verið náttúruunnandi allt sitt líf að fá að starfa á svona stað, segir Reynir. Hann hefur frá blautu barnsbeini gengið um fjöll og firnindi, fyrst á Tröllaskaganum, því hann er fæddur á Siglufirði og flutti þaðan í Hjaltadal í Skagafirði þar sem hann ólst upp.

– Ferðalög hafa verið mínar ær og kýr alla ævina, ég hef nánast varið öllum frítímanum í að ferðast eða starfa við útivist og ferðalög. Þetta hefur veitt mér mikla ánægju, enda líður mér hvergi eins vel og úti í náttúrunni, segir Reynir sem hefur verið virkur í starfi Ferðafélagsins Útivistar í áraradír, og setið í stjórn, nefndum og ýmsum ráðum fyrir þann félagsskap.

– Fararstjórn er nú kannski það skemmtilegasta af öllu þessu stússi, Ég hef farið með hópa í allslags ferðir, gengið á jökla og farið í skíðaferðir um hálendið auk hefðbundinna gönguferða með íslenska og erlenda ferðamenn, en mest hef ég þó sinnt fararstjórn á Fimmvörðuhálsi. Það svæði hefur verið mér kært, segir Reynir, sem meðal annars tók þátt í að reisa skála Útivistar á Fimmvörðuhálsi árið 1990 og hefur sinnt viðhaldi hans ásamt fleirum allar götur síðan.

– Ferðir þessa fallegu leið hafa nú lagst að mestu leyti niður en þær hefjast vafalaust

aftur þegar svæðið hefur jafnað sig eftir gosið þar og í Eyjafjallajökli, segir Reynir sem saknar þeirra ferða eins og margir.

Þegar talið berst að starfi hans sem staðarhaldara í Básum segir hann það skemmtilegt og fjölbreytt.

– Okkar helsta hlutverk hér er að að taka á móti fólki sem sem hingað kemur til að njóta náttúrunnar. Leiðbeina því og aðstoða á allan hátt. Útivist er hér með tvo skála, einn stóran sem tekur um 60 manns manns og annan minni sem getur hýst 20 manns. Auk þess eru hér ýms önnur mannvirki, svo sem hreinlætisaðstaða, stórt samkomutjald sem nýtist aðallega hópum sem koma hingað í dagsferðir. Öllu þessu þarf að sinna með þrifum og viðhaldi, segir Reynir sem einnig nýtir reynslu sína sem trésmiður við lagfæringar, og býr að auki til hæla og stikur sem notaðar eru til að merkja gönguleiðir á svæðinu.

Aðspurður hvernig aðsóknin í Bása hafi verið í sumar segir hann að Íslendingar hafi látið sig vanta.

– Því miður var dregin upp mjög neikvæð mynd af Þórsmörkumsvæðinu í fjölmiðlum í vor að svæðið hefði orðið illa úti í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli og væri ekki fýsilegur áningarstaður í sumar. Sú umfjöllun var ekki rétt en hafði þau áhrif að Íslendingar lögðu ekki leið sína hingað að sama skapi og áður. Hins vegar hefur fjöldi útlendinga aukist verulega, segir Reynir og hefur áhyggjur af þróun mála í Básum.

– Mér sýnist að Krossáin, sem er vatnsmesta áin á þessu svæði, sé að brjóta sér nýjan farveg. Hún hefur undanfarið verið að færa sig í áttina til okkar og ef svo fer sem horfir gæti hún rutt sér farveg alveg að Réttarfelli og Álfakirkju. Gerist það verða ferðalangar sem vilja leggja leið sína inn í Bása að fara tvisvar yfir ána. En Krossá er viðsjárverð, eins og þeir vita sem lagt hafa leið sína í Þórsmörk, segir Reynir og telur það mikið alvörumál ef ekki verður ráðist strax í að bæggja ánni frá þannig að vegarsamband við Bása verði tryggt til frambúðar.



Reynir Þór ásamt tíkinni Pílu sem sem hefur þvælst með honum víða.



Reynir Þór Sigurðsson með hæla sem notaðir eru til að merkja gönguleiðir í Básum.

– Athafnaleyzi í þessu máli tel ég grafalvarlegt og ekki þeim til sóma sem um véla, segir Reynir. Grípi menn ekki til aðgerða strax geti kostnaðurinn orðið verulegur þegar áin hefur rutt sér nýjan farveg eftir núverandi vegarstæði inn í Bása.

Reynir segir ekkert fast í hendi nú þegar skálavarðarstarfinu lýkur.

– Það bíða ýmis lítilsháttar trésmíðaverk þegar ég kem í bæinn. Ég á líka allt eins von á að fá eitthver verkefni í ferðapjónustunni, ég skarta meiraprófi og get hæglega tekið

að mér akstur og fararstjórn. Ég kvíði ekki aðgerðaleyzi, maður verður bara að koma sér á framfæri og vera tilbúinn að reyna eitthvað nýtt.

Það hefur verið mitt mottó í gegnum þessar niðursveiflu í okkar fagi. Ég óttast það ekki þótt ég hafi þurft að leggja hamrinum – það er líf án hans og það má líka líta á það sem tækifæri til að reyna sig við ný störf. Mér finnst hinsvegar leitt að horfa upp á marga kunningja mína í faginu sem hafa misst móðinn. Ég vil bara segja við þá: Það er hægt að hasla sér völl á nýjum vettvangi. Það tekur tíma, en þeim tíma er vel varið, segir Reynir sem hefur í gegnum tíðina víða komið við í sinni trésmíðasvuntu.

– Ég hef tekið þátt í virkjunarframkvæmdum, farið til Grænlands í vinnu, og verið eins og landafjandi í öllum sveitum við trésmíðar allt frá því ég lauk sveinsprófi fyrir þrjátíu árum, segir Reynir Þór Sigurðsson trésmíður og ferðagarpur sem aldrei hefur kunnað vel við sig á malbikinu.

Tækniteiknarar ganga til liðs við FIT

– Ég fagna komu tækniteiknara í félagið okkar. Þetta er 80 manna hópur sem aðallega starfar á arkitekta- og verkfræðistofum. Með tilkomu þeirra fjölgar konum verulega í félaginu og er það vel, segir Hilmar Harðarson formaður Félags iðn- og tæknigreina, en Félag tækniteiknara sameinaðist FIT í sumar.

– Við sinnum tækniteiknorum eins og öðrum félagsmönnum. Við höfum tekið við kjarasamningi þeirra og semjum fyrir þeirra hönd í komandi samningum, segir Hilmar sem er ánægður með það að tækniteiknarar skyldu hafa valið FIT þegar hugmyndir komu upp meðal þeirra um að sameinast öðru félagi.

– Þótt tækniteiknarar séu ekki löggilt iðngrein er nám þeirra nátengt námi iðnaðarmanna, og þeirra fag hefur lengst af verið kennt við iðnskóla, segir Hilmar. Hann er ekki í vafa um að staða tækniteiknara á vinnumarkaði styrkist við að ganga til liðs við FIT. – Nú



Hilmar Harðarson, formaður Félags iðn- og tæknigreina.

leggjumst við yfir kjarasamning tækniteiknara og samræmum hann kjarasamningi Samiðnar, og við tökum líka á menntunarmálunum, hugum að endurmenntun og fleira, segir Hilmar Harðarson.

Samiðnarblaðið þakkar eftirtöldum fyrir stuðning við útgáfuna

Bifreiðaverkstæðið Rauðalæk, Hellu

Byggingafélagið Sandfell, Helluhrauni 14, Hafnarfirði

Einar Beinteins ehf., Grófarsmára 8, Kópavogi

Garðabær

Meistarafélag í hárgreiðslu

Reykjanesbær

Hárný ehf., Nýbýlavegi 28, 200 Kópavogi

Harsnyrtistofan Aida, Blönduhlíð 35, 105 Reykjavík

Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas, Hringhellu 6, 220 Hafnarfirði

Íslandsbanki, útibú Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík

FJÁRMál

Kynntu þér FJÁRMál

Kynntu þér dagskrána á arionbanki.is



FJÁRMál eru fyrirlestraröð og fræðsluátak á vegum Arion banka.

Tilgangurinn er að koma til móts við þarfir viðskiptavina fyrir haldgóða fræðslu í nýju efnahagsumhverfi.

Arion banki er bakhjarl Stofnunar um fjármálalæsi.

Stofnun um fjármálalæsi



Breki Karlsson

Forstöðumaður stofnunar um fjármálalæsi

Arion banki



Fimleikadeild UMF Selfoss



Lífsgæði og framtíð unga fólksins

Íslendingar búa að því öðrum þjóðum framfar að geta gengið að hreinu og tæru neysluvatni, heitu jarðvarmavatni til húshitunar og baða og umhverfisvænni raforku fallvatnsvirkjana og gufuafsvirkjana. Hlutverk Set hefur verið að þróa og framleiða lagnakerfi til að koma þessum auðlindum til notenda.

Set leggur metnað sinn í nýsköpun, vörubrúun og fræðslustarf fyrir viðskiptavinum og starfsfólki fyrirtækisins.

Tæknilega fullkominn, öflug og afkastamikill verksmiðja og þjónusta við lagnaiðnaðinn er undirstaða þess að viðhalda innlendri framleiðslu, þekkingu og atvinnusköpun.

Set hefur alþjóðlega gæðavottun skv. ISO 9001.



Gæði til framtíðar

SET ehf. Röðaverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: <http://www.set.is>





MIKILVÆG ÁKVÖRÐUN

EKKI MISSA AF KJARABÓT

Séreignarsparnaður tryggir þér mótfamlag frá vinnuveitanda þínum. Vegna mótfamlagsins og hagstæðrar skattlagningar stenst enginn sparnaður samanburð við séreignarsparnað.

Taktu ákvörðun um að leggja fyrir í séreignarsparnað annars missir þú í rauninni af umsömdum kjarabótum.

Kynntu þér þjónustu Sameinaða lífeyrissjóðsins á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.



Borgartúni 30 • 105 Reykjavík • S. 510 5000 • lifeyrir.is



Bóklega kennslan fer fram á milliloftinu. Órlygur Arnljótsson kennari, en hann er jafnframt stjórnarmaður í FMA, að fræða hópinn.

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Gott samstarf við VMA

Félag Málmíðnaðarmanna Akureyri (FMA) leigir Verkmenntaskólanum á Akureyri sérhæft atvinnuhúsnæði í Fjölnisgötu 6a þar sem fram fer kennsla í bíliðngreinum. Um er að ræða iðnaðarbil á einni hæð 174,8 m² ásamt millilofti sem er 51,7 m² samtals 226,5 m².

Hákon Hákonarson, formaður FMA, segir að samstarfið sé tilkomið vegna þess að VMA hafði ekki aðstöðu til að taka aftur upp fullt nám í bifvélavirkjun, en kennsla í faginu hafði legið niðri í 15 ár á Akureyri. „Þetta var mjög bagalegt og því var ákveðið að taka höndum saman og gera eitthvað í málinu. Við áttum gamalt húsnæði sem var ágætt þó



það væri ekki hugsað til heilsdagskennslu, hentaði meira fyrir skemmri námskeið. Samt var ákveðið að gera tilraun með að nota það undir kennsluna. Það kom svo fljótt í ljós að húsnæðið uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru til kennsluhúsnæðis en nemendur og kennarar sýndu þessu samt mikinn skilning og tillitssemi þau tvö ár á meðan

það var í notkun. Svo þegar sýnt var að aðsóknin í námið var góð og stöðug þá var ekkert annað hægt en að skoða málið betur og útkoman varð sú að félagið keypti nýtt og miklu stærra húsnæðið og leigði það skólanum. Einnig lánaði félagið skólanum verkfæri sem voru í eldra húsnæðinu. Þetta var gert ekki síst vegna þess að skólinn fékk ekki á þessum tíma fjármuni frá ríkinu til að bæta aðstöðuna hjá sér. Grunnedeildin er áfram í skólahúsnæði VMA en svo fara nemendurnir í Fjölnisgötuna þar sem kennslan getur bæði verið verkleg og bókleg. Milliloftið var innréttað sem skólastofa og þar fer bóklega kennslan fram,” segir Hákon.

Ekki næg endurnýjun, en...

Hákon segir að bifvélavirkjar séu um þriðjungur félagsmanna FMA og það var orðið vandamál hve endurnýjun í stéttinni var lítil. „Þetta var í raun ein meginástæðan fyrir því



HAFKALK



- ✓ **HAFKALK** er náttúruleg steinefnablanda sem unnin er úr kalkþörungum úr Arnarfirði.
- ✓ **HAFKALK** er til að fyrirbyggja beinþynningu.
- ✓ **HAFKALK** styrkir brjóska og bein og virðist draga úr liðverkjum vegna slitgigtar.
- ✓ **HAFKALK** minnkar magasýrur og getur dregið úr brjóstsviða.
- ✓ Fjölmargir segja að neglur og hár verði fallelgra og nokkrir segjast hafa losnað við sinadrátt og fótaóeirð þegar þeir fóru að taka **HAFKALK**.

Fæst í lyfja- og heilsubúðum um land allt.



að húsnæðið var keypt. Nú er endurnýjun aftur orðin með eðlilegum hætti og málið horfir allt til mun betri vegar. Ekki bara fyrir þá sem vilja læra heldur einnig fyrir Norðlendinga alla sem fá áfram vel menntað fólk til að gera við bíla sína. Ég hef það fyrir satt að þetta gangi mjög vel. Aðstaðan sé góð og nemendur og kennarar séu ánægðir og uni vel við sinn hlut. Samstarfið gengur mjög vel og við erum mjög ánægðir með að geta lagt okkar lóð á vogarskálar til að ná þessari kennslu heim aftur.“

Allir lagst á eitt

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri, segir að skólinn hafi alltaf verið í góðu samstarfi við félagið. „Þetta er gott dæmi um það hvernig atvinnulíf og skóli geta unnið saman. Við vorum ekki með pláss fyrir námið hér inni í skólanum og því var gott hvernig við náðum saman. Nú er fullmannað á þær fimm annir sem við kennum. Námið tekur fjórar annir, þá fara nemarnir á samning og koma svo aftur og klára fimmtu önnina.

Við höfum líka átt mjög gott samstarf við fyrirtæki á svæðinu, bílaumboðin og bifreiðaverkstæðin, og fengið sérhæfða kennslukrafta sem starfa hér á svæðinu. Einnig fengum við að gjöf tæki og búnað, þannig að allir hafa lagst á eitt um að gera þetta nám mögulegt og það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá hvernig það hefur þróast,“ segir Hjalti Jón.

Ágæti húseigandi !

Þú getur fengið tilboð frá löggiltum málameistara inni á heimasíðu okkar.

Ábyrgð okkar er tryggð hjá MSI.



Málameistarafélagið
www.malarar.is



Alþýðusamband Íslands



FYRIR UMHVERFIÐ

Létt, sterkt og náttúruvænt



Ál gefur okkur einstaka möguleika þegar kemur að hönnun mannvirkja. Sem byggingarefni býður það upp á nýjar leiðir við að nýta dagsbirtu og samspil ljóss og skugga. Segja má að í álinu sameinist notagildi og glæsileiki.

Burðarvirki úr áli koma sér vel þegar byggingar þurfa að falla vel að umhverfinu. Slík hönnun opnar jafnframt ýmsar leiðir til bættrar orkunýtingar.

Ekki má gleyma því að ál er endurvinnanlegt og hægt að byggja úr því aftur og aftur.

www.alcoa.is

FYRIR SAMFÉLAGIÐ,
UMHVERFIÐ OG
KOMANDI KYNSLÓÐIR.

Alcoa Fjarðaál



Hvert er ástandið á hitakerfinu þínu ?

Ertu að henda orkunni út um gluggann ?

Nú er tíminn, með hækkandi orkuverði og lækkandi sól, að láta yfirfara hitakerfið. Með rétt uppsettum og rétt stilltum Danfoss stjórnbúnaði á hitakerfinu fást þægindi í hámarki og hitareikningur í lágmarki



Hafðu samband við pípulagningamaninn þinn og fáðu hann til að yfirfara hitakerfið hjá þér fyrir veturinn

Við höfum í áratugi verið leiðandi í framleiðslu stjórnbúnaðar fyrir hitakerfi og séð notendum um allan heim fyrir búnaði og lausnum, sem gerir líf þeirra þægilegra.

Við erum eini framleiðandinn á markaðinum sem sérhæfir sig í framleiðslu stjórnbúnaðar ásamt varmaskiptum og tengingindum fyrir hitakerfi.

Við leggjum metnað okkar í að finna réttu lausnirnar fyrir viðskiptavinum okkar hverjar sem stærðirnar, þarfirnar eða kröfurnar kunna að vera.

Við bjóðum fjölpætt úrval búnaðar til hitakerfa svo sem:

- Ofnhitastilla
- Gólfhitastýringar
- Þrýstistilla
- Hitastilla
- Mótorloka
- Stjórnstöðvar
- Varmaskipta soðna og boltaða
- Úrval tengigrinda á lager
- Sérsmíðaðar tengigrindur og stöðvar fyrir allt að 25 MW afl



Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins